

# BLÖNDULÍNA 3 FRÁ BLÖNDUSTÖÐ TIL AKUREYRAR

## Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag og þar með einnig á útivist og ferðapjónustu. Skipulagsstofnun telur að heildaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. þessara umhverfisþátta verði talsvert neikvæð. Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem felst í að reisa allt að 340 möstur, 23 m há möstur með rúmlega 300 m millibili, slétta um 120 m<sup>2</sup> svæði við hvert mastur og leggja eða lagfæra um 150 km af vegslóðum. Áhrifasvæði línanna mun ná yfir rúmlega 100 km leið frá Blöndu til Akureyrar og munu línurnar liggja um margbreytilegt landslag; um óbyggð svæði sem þéttbýlar sveitir og verða á löngum köflum sýnilegar frá fjölförnum þjóðvegi. Þá telur Skipulagsstofnun að Blöndulína 3 muni óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á landnotkun þar sem hún mun liggja um landbúnaðarhéruð og raska beint ræktuðu landi og beitarnandi auk þess að hafa í för með sér takmörkun á landnýtingu vegna byggingarbannssvæðis. Helstu neikvæðu áhrif sem búast má við á fugla er vegna áflugs þeirra á línur á sléttendum og grösugum svæðum í Skagafirði og þar sem farleiðir þeirra liggja yfir stórar ár. Þá er ljóst að neikvæð áhrif verða á votlendissvæði sem njóta verndar, vegna röskunar við gerð mastrastæða og vegslóða.

Skipulagsstofnun telur að þar sem ekki hefur verið unnt að leggja mat á áhrif efnistöku á hina ýmsu umhverfisþætti þurfi að setja eftirfarandi skilyrði áður en til leyfisveitinga komi:

Áður en viðkomandi sveitarfélag veitir framkvæmdaleyfi til byggingar Blöndulínu 3 innan síns sveitarfélags, þurfa að liggja fyrir niðurstöður málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr þeim námum sem þarf að sækja efni úr til byggingar línunnar innan sveitarfélagsins.

Ennfremur telur Skipulagsstofnun að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Landsnet þarf að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarstjórnir og að ljóst sé á hvaða svæðum endurheimt eigi að fara fram.
2. Landsnet þarf að leggja fram áætlun um vöktun á áflugi fugla á raflínur þar sem skýrt komi fram hvaða svæði eru skilgreind sem vöktunarsvæði og að jafnframt komi fram til hvaða sérfræðiaðila Landsnet hafi leitað til að skilgreina þessi svæði og hverjir framkvæmi vöktunina. Í áætluninni þarf að koma fram að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun með mótvægisáðgerðir í huga.
3. Landsnet þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um mótvægisáðgerðir m.a. hvaða fornleifar nauðsynlegt sé að merkja og með hvaða hætti það verði gert og að skrá þurfi fornleifar á þeim jörðum þar sem ekki hefur fengist leyfi landeigenda til skráningar.

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD.....	5
2.1	Vegslóðir .....	6
2.2	Efnistaka .....	7
3	FLUTNINGSGETA LÍNU og MARKMIÐ LAGNINGAR .....	9
4	NÚVERANDI LÍNA.....	11
5	VALKOSTIR .....	13
6	LOFTLÍNUR OG JARÐSTRENGIR .....	16
7	SAMEIGINLEGT MAT, UMHVERFISMAT KERFISÁÆTLUNAR LANDSNETS ..	19
8	VÆGI ÁHRIFA .....	20
9	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM .....	20
9.1	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag og náttúruverndarsvæði.....	20
9.2	Áhrif á útivist og ferðapjónustu .....	25
9.3	Áhrif á landnotkun .....	29
9.4	Áhrif raf- og segulsviðs og hávaða.....	31
9.5	Áhrif á menningarminjar .....	34
9.6	Áhrif á fugla.....	36
9.7	Áhrif á gróður .....	38
9.8	Áhrif á neysluvatn og vatnsverndarsvæði .....	40
10	AÐRAR ATHUGASEMDIR .....	41
11	STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA .....	43
12	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	44

# 1 INNGANGUR

## 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 15. mars 2012 sendi Landsnet frummatsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar, í Húnavatnshreppi, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi, Hörgársveit og Akureyrarkaupstað til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 21. mars 2012 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Dagskránni, í Feyki og Sjónhorni 22. mars 2012 og Fréttabréfi Hörgársveitar 26. mars 2012. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 21. mars til 3. maí 2012 á skrifstofum Húnavatnshrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Hörgársveitar og Akureyrarkaupstaðar, á Amtsbókasafninu á Akureyri, Héraðsbókasafni Austur-Húnavatnssýslu, Héraðsbókasafni Skagfirðinga, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is) og [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Akrahrepps, Akureyrarkaupstaðar, Húnavatnshrepps, Hörgársveitar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Orkustofnunar, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Skipulagsstofnun bárust 59 athugasemdir og sendi stofnunin bæði umsagnir og athugasemdir til framkvæmdaraðila og eru þær birtar í sérhefti sem er fylgiskjal matsskýrslu.

Þann 30. nóvember 2012 sendi Landsnet matsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar í Húnavatnshreppi, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi, Hörgársveit og Akureyrarkaupstað til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning þessa álits var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

## 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar. Landsnet. Mars 2012.

**Önnur gögn.** Eftirtaldar sérfræðiskýrslur:

- *Gróður á leið Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar.* Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Rannveig Thoroddsen. Unnið fyrir Landsnet hf. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2009 (NÍ-09018).
- *Fuglalíf á fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3.* Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Unnið fyrir Landsnet hf. Náttúrustofa Norðausturlands, 2008.
- *Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu og útivist.* Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hf. Rannsóknamiðstöð ferðamála, 2009.
- *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvarog Akureyrar.* Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gylfadóttir. Unnið fyrir Landsnet hf. Fornleifastofnun Íslands, 2008.

**Umsagnir bárust frá:**

- Akrahreppi með bréfi dags. 17. apríl 2012.
- Akureyrarkaupstað með bréfi dags. 30. mars 2012.
- Húnavatnshreppi með bréfi dags. 14. maí 2012.
- Hörgársveit með bréfi dags. 20. apríl 2012.
- Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 24. maí 2012.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. maí 2012.
- Fiskistofu með bréfi dags. 20. mars 2012.

- Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) með bréfi dags. 17. apríl 2012.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 4. maí 2012.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvubréfi dags. 18. apríl 2012.
- Orkustofnun með bréfi dags. 18. apríl 2012.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 16. apríl 2012.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. apríl 2012.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 16. apríl 2012.

## Athugasemdir

Á kynningartíma bárust 57 athugasemdir og tvær athugasemdir að kynningartíma loknum. Eftirfarandi aðilar gerðu athugasemdir á kynningartíma:

- Anna S. Sigmundsdóttir og Einar Ólafsson, Stokkhólma með bréfi móttakið 3. maí 2012.
- Aníta Ómarsdóttir og Sigurður Jóhannsson, Ytra-Vatni með bréfi dags. 30. apríl 2012.
- Ásgeir Þór Árnason hrl. f.h. B. Pálsson ehf., Dallandi, Mosfellsbæ, eigandi Héraðsdals I, Stapa og nokkurra landspildna úr Héraðsdal II með bréfi dags. 2. maí 2012.
- Ásta Hrönn Þorsteinsdóttir, Kolgröf með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Benedikt Benediktsson og Marta Magnúsdóttir, Stóra-Vatnsskarði með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Birgir Á. Hauksson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Birgir E. Birgisson, f.h. Miðsitju, Þorkell Gíslason, Víðivöllum, f.h. Úlfsstaða, María Jóhannesdóttir, f.h. Sólheimagerðis, Eyþór Einarsson með bréfi dags. 26. apríl 2012.
- Björn Sveinsson og Magnea K. Guðmundsdóttir, ábúendur á Varmalæk og eigendur jarðarinnar Brekkukot á Efribyggð með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Björn Þorsteinsson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Brynjólfur Snorrason, Mið-Samtúni með bréfi móttakið 3. maí 2012.
- Einar Ólafsson ásamt 19 öðrum einstaklingum með bréfi dags. 25. apríl 2012.
- Einar Kr. Brynjólfsson og Inga Björk Svavarsdóttir, Mið-Samtúni með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Elín H. Sigurjónsdóttir og Jón Magnússon, Reykjum með bréfi dags. 2. maí 2012.
- Eymundur Þorsteinsson með bréfi dags. 30. apríl 2012.
- Fornleifastofnun Íslands, Elín Hreiðarsdóttir með tölvubréfi dags. 3. maí 2012.
- Gauti Hallsson með bréfi dags. 3. maí 2012.
- Guðmundur Valtýsson, Eiríksstöðum með bréfi dags. 25. apríl 2012.
- Guðmundur Víkingsson, Garðshorni og Gunnar Frímannsson, f.h. leigutaka með bréfi dags. 30. apríl 2012.
- Guðmundur Heiðmann Jósavinsson, Árhvammi með bréfi dags. 27. apríl 2012.
- Gunnþóra Ólafsdóttir með tölvubréfi dags. 1. maí 2012.
- Gylfi Sigurðsson og Maren Árnadóttir, Ásláksstöðum með bréfi dags. 6. apríl 2012.
- Halla G. Þorsteinsdóttir með bréfi dags. 30. apríl 2012.
- Hanna Kristín Pétursdóttir, Syðri-Mælifellsá með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Helga Þórðardóttir, Mælifellsá með bréfi dags. 26. apríl 2012.
- Hestasport-Ævintýraferðir, Magnús Sigmundsson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Hrafn Margeirsson með bréfi móttakið 3. maí 2012.
- Hrafnhildur Brynjólfsson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Hraun í Öxnadal menningarfélag, Tryggvi Gíslason með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Ingimundur Sverrisson, Kolgröf með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Jesper Lyhne Bækgaard og Halla Ólafsdóttir, Héraðsdalur II, f.h. Dan-Ice Mink ehf., með tölvubréfi dags. 2. maí 2012.
- Jóhann Kári Hjálmarsson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Jón Arnljótsson og Margrét Ingvarsdóttir, Ytri-Mælifellsá með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Jón Gissurarson, Víðimýrarseli með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Karl Axelsson hrl. f.h. Ásrúnar Árnadóttur og Sigurðar Gíslasonar, eigenda Steinsstaða II, Efstalandskots og Efstalands, Hauks Sigfússonar, Þorvars Þorsteinssonar og Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, Ytri-Bægisá, Stefáns Karlssonar og Elisabeth Jóhönnu Zitterbart, Ytri-Bægisá II með tölvubréfi dags. 3. maí 2012.
- Kolbrún Erla Grétarsdóttir og Halldór Einarsson, Úlfsstöðum, ábúendur Kúskerpi, Úlfsstöðum og Sólheimum með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Landvernd með bréfi dags. 3. maí 2012.
- Magnús Sigmundsson, Vindheimum með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Margeir Björnsson með bréfi dags. 27. apríl 2012.
- María Sigtryggsdóttir, eigandi spildu úr landi Geirhildargarða með bréfi dags. 29. apríl 2012.

- Marinó Ö. Indriðason og Hanna Björg Hauksdóttir, Litla-Dal með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Ólafur Þ. Hallgrímsson, Mælifelli með bréfi dags. 17. apríl 2012.
- Ólafur Margeirsson með bréfi dags. 29. apríl 2012.
- Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir, Hólum með tölvubréfi dags. 2. maí 2012.
- Óli S. Pétursson, Syðri-Mælifellsá I með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Pétur Karlsson, Grjótgarði með tölvubréfi dags. 22. apríl 2012.
- Rakel Heiðmarsdóttir með bréfi dags. 29. apríl 2012.
- Rósa Björnsdóttir með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Sigurður Friðriksson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Sigurður Sigurjónsson hrl., f.h. Hæðargarðs ehf., eiganda jarðarinnar Krossastaðir, með bréfi dags. 25. apríl 2012.
- Starri Heiðmarsson með bréfi dags. 27. apríl 2012.
- Sveinn Margeirsson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Unnar Már Pétursson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Þorsteinn Björnsson með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Þórarinn Magnússon, Frostastöðum með tölvubréfi dags. 30. apríl 2012.
- Þórhildur Jakobsdóttir, Syðri-Mælifellsá I með bréfi dags. 1. maí 2012.
- Þorsteinn Rútsson, Þverá með bréfi dags. 2. maí 2012.

Tvær athugasemdir bárust að kynningartíma loknum frá:

Guðsteini Guðjónssyni, Laugadal með bréfi dags. 10. maí 2012 og Kristjáni Gissurarsyni, Valadal með bréfi móttæknunni 29. maí 2012.

**Matsskýrsla:** Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar. Landsnet. Nóvember 2012. Sérhefti með umsögnum og athugasemdum.

## 2 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Samkvæmt matsskýrslu er gert ráð fyrir að Blöndulína 3 verði lögð sem 220 kV loftlína frá Blöndustöð yfir Blöndudal og Svartárdal um Vatnsskarð sunnan Valadals og meðfram norðurhlíð Valadalshnjúks að eyðibýlinu Kirkjuhóli í Skagafirði. Þaðan hafa tveir valkostir á legu línunnar um Skagafjörð verið skoðaðir. Annars vegar svokölluð Efribygðarleið frá Kirkjuhóli og áleiðis inn að Mælifelli, þaðan yfir Tungusveit og Eggjar, yfir Héraðsvötn og að mynni Norðurárdals. Hins vegar svokölluð Héraðsvatnaleið í farvegi Héraðsvatna, á mörkum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps, og að mynni Norðurárdals. Á fyrrnefndum kafla frá Blöndustöð mun línan ekki liggja í grennd við núverandi línur en á Héraðsvatnaleið verða línurnar þó í um eins km fjarlægð hvor frá annarri og í minni fjarlægð á nokkrum stöðum. Frá mynni Norðurárdals mun Blöndulína 3 hins vegar liggja sem næst samsíða eða í nálægð við núverandi Rangárvallalínu 1 til Akureyrar; inn Norðurárdal, um Öxnadalshéiði, Öxnadal og Hörgárdal, yfir Moldhaugaháls og um Kræklingahlíð að Kífsá ofan Akureyrar. Samkvæmt skýrslunni er heildarlengd Blöndulínu 3 um 107 km og áætlað helgunarsvæði á bilinu 40-75 m. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að reist verði milli 330 og 340 möstur með um 320 m millibili á línuleiðinni og að um verði að ræða stöguð stálgrindarmöstur af M-gerð, að meðaltali 23 m að hæð. Við hvert mastur sé gert ráð fyrir um 120 m<sup>2</sup> svæði/plani sem verði notað á framkvæmdatíma til að mynda gott aðgengi við undirstöðu- og stagfestugerð, reisingu mastra og við strengingu leiðara. Þá kemur fram að vegna aðstæðna í landi þurfi á nokkrum stöðum í Hörgárdal, Öxnadal og á Öxnadalshéiði að færa núverandi línu til svo að hægt sé að hafa báðar línurnar samsíða og jafnframt uppfylla reglur um lágmarksfjarlægðir. Einnig þveri línurnar hvor aðra á átta stöðum sem kalli á breytingar á möstrum eða tilfærslur á Rangárvallalínu 1. Alls þurfi að taka niður um 50 gömul möstur og í stað þeirra reisa um 50 ný. Þá kemur fram að fyrirhugað sé að leggja 132 kV jarðstreng um 2,5 km leið frá fyrirhuguðu tengivirki við Kífsá, þar sem loftlína taki enda, að núverandi tengivirki Landsnets á Rangárvöllum á Akureyri.

## 2.1 VEGSLÓÐIR

Í matsskýrslu kemur fram að meginvegslóðir verði lagðar meðfram fyrirhugaðri loftlínu og jarðstreng og frá þeim verði lagðar hliðarslóðir að möstrum. Allri slóðagerð verði haldið í lágmarki, slóðir hafðar eins efnislitlar og unnt er og lögð áhersla á að núverandi vegslóðir verði nýttar eftir því sem kostur sé. Að framkvæmdatíma loknum verði gengið frá svæðinu og röskuð svæði grædd upp. Í svörum Landsnets við fyrirspurn frá Skipulagsstofnun um nánari upplýsingar um frágang vegslóða kemur fram að Landsnet muni leggja á það áherslu í útboðsgögnum að dregið verði úr umfangi slóðagerðar eins og kostur sé. Enginn hvati verði fyrir verkataka að leggja umfangsmeiri slóðir en upphaflega sé ráðgert m.a. með eftirfarandi áhersluatriðum í útboðsgögnum:

- Fulltrúi verkkaupa (eftirlitsaðili) ákvarði þykkt og legu slóða með það að leiðarljósi að þær liggi sem best í landi, efnismagn verði sem minnst og þ.a.l. umfang.
- Fyrirmæli til verktaka muni taka mið af því að mikilvægt sé að ekki verði lagðar slóðir umfram nauðsyn og að öll umgengni sé þannig að rask verði sem minnst.
- Breidd vinnuvéla verði takmörkuð til að minnka líkur á of breiðum slóðum.

Fram kemur að samtals þurfi að leggja um 155 km af slóðum þar af sé endurgerð eða lagfæringar á eldri slóðum á um 50 km kafla, burtséð frá því hvort að Héraðsvatnaleið eða Efribygðarleið verði valin. Breidd fyrirhugaðra slóða verði að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fari fram þannig að fyllingarefni verði flutt í slóðirnar og dúkur lagður undir á blautum svæðum. Fram kemur að auk notkunar á byggingartíma þurfi Landsnet að geta nýtt slóðirnar til eftirlits og viðhalds mannvirkja og því þurfi að viðhalda þeim á rekstartíma línunnar. Almennt geri Landsnet ekki athugasemdir við það að línuslóðir séu opnar fyrir almenna umferð en endanlegt fyrirkomulag þess verði ákveðið í samráði við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila, s.s. heilbrigðisefirlit vegna slóða á vatnsverndarsvæðum. Þá bendir Landsnet á að komi til þess síðar að fjarlægja þurfi slóðirnar þá sé það mögulegt að stærstum hluta.

Í athugasemdum nokkurra aðila kemur fram að ekki séu gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar og áætlaða ræsagerð auk þess sem lega slóða sé sýnd mjög ónákvæmt í frummatsskýrslu. Á nokkrum stöðum séu ekki sýndir slóðar meðfram línunni og ekki gerð grein fyrir hvernig komast eigi að línunni á þeim svæðum. Þá sé það óásættanlegt að endanleg lega slóða ráðist ekki fyrr en á framkvæmdatíma þar sem leggja eigi yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotkun, um byggð, votlendi og viðkvæm lönd vegna rofs eða við læki/ár. Þá er sett fram fyrirspurn um dúk sem lagður verði undir á blautum svæðum.

Landsnet svarar því til að ekki sé gert ráð fyrir umfangsmikilli ræsagerð eða skeringum við slóðagerð en ræsi verði lögð þar sem lækir renni þvert á slóð eða þar sem leysingar geti orðið. Að öðru leyti sé bent á ítarlegri umfjöllun um umfang vegslóða í matsskýrslu heldur en hafi verið í frummatsskýrslu.

Fram kemur að í matsskýrslu séu settar fram tillögur að línuslóðum og sé gert ráð fyrir að sú tillaga nægi fyrir framkvæmdirnar. Tillagan geri ráð fyrir að á sumum köflum verði línuslóðin undir línunni sem skýri af hverju slóð sjáist ekki á teikningum í öllum tilvikum. Landsnet ítrekar að endanleg lega slóða ráðist ekki fyrr en á framkvæmdatíma eftir samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun. Við ákvörðun um legu slóða verði lögð áhersla að ná sátt þannig að þær geti mögulega nýst landeigenda. Því geti orðið breytingar á legu og staðsetningu frá því sem gert sé ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Varðandi fyrirspurn um dúka þá sé yfirleitt um að ræða dúk úr polypropelyne (PP) efnum sem sé m.a. notað við

matvælaíðnað og hafi því ekki mengandi áhrif á lífríki eða vatnsból. Dúkur ætti ekki að verða sýnilegur undir malarefni í slóðunum.

Margeir Björnsson bendir á í athugasemd sinni að 4,5-5 m breidd slóðar standist ekki fyrir Efribygðarleið þar sem jarðvegur á því svæði sé bæði djúpur og blautur.

Í svörum Landsnets kemur fram að um sé að ræða breidd akbrautar en ekki heildarbreidd með fláum. Eftir því sem slóðin sé þykkari nái fláinn lengra út og þar með fari meira land undir slóð t.d. í halla og á mjúku undirlagi. Dúkur undir slóð á blautum jarðvegi komi í veg fyrir að hún sígi og þar með þurfi minna efni og breiddin verði minni en ella.

**Skipulagsstofnun** bendir á að fyrir liggur að ráðast þarf í allmikla slóðagerð sem mun hafa neikvæð áhrif á nokkra umhverfisþætti s.s. landslag og sjónræna þætti, landnotkun, gróður, fugla og hugsanlega fornleifar. Þá liggur fyrir að staðsetning og umfang slóðanna er ekki fyllilega ljós og því kann að þurfa að fjalla um mögulegar breytingar á framkvæmdum við slóðagerð skv. tl. 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun áréttar að mikilvægt er að dregið verði sem mest úr neikvæðum áhrifum slóðagerðar á m.a. gróður og landslag með þeim aðgerðum sem Landnet hefur boðað og greint er frá í álitinu á næstu síðu hér að framan.

## 2.2 EFNISTAKA

Í matsskýrslu kemur fram að áætlað magn fyllingarefnis sé allt að 460.000 m<sup>3</sup> verði Efribygðarleið fyrir valinu en um 420.000 m<sup>3</sup> verði Héraðsvatnaleið valin. Efnið verði að langstærstum hluta notað við slóðagerð en einnig í minna mæli í plön fyrir undirstöður og stagfestur. Gert sé ráð fyrir að efni til framkvæmda komi fyrst og fremst úr opnum námum og námum á skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Um 50 svæði hafi verið skoðuð sem hugsanleg efnistökusvæði í öllum sveitarfélögunum fimm. Svæðin hafi verið valin m.t.t. efnisgæða, vinnsluhæfni, flutningsvegalengda og verndargildis. Fram kemur að magnáætlun fyrir hverja námu fyrir sig endurspeglar ekki það magn sem tekið verði, því efni úr nýjum námum verði eingöngu nýtt ef efni úr opnum námum nýtist ekki. Óvissa sé um vinnanlegt magn og efnisgæði á hverjum stað og því séu fleiri staðir en færri metnir í mati á umhverfisáhrifum. Það sé gert til að skapa svigrúm svo ekki komi til að finna þurfi ný efnistökusvæði á framkvæmdatíma ef þeir sem fyrir séu fullnægi ekki kröfum um efni og gæði. Þess vegna sé erfitt á þessu stigi að gera nákvæma efnistökuáætlun fyrir hverja námu. Einnig liggja ekki fyrir hvort viðkomandi efnistökuastaður á skipulagi sé í rekstri og erfitt að fullyrða um stöðu hvers og eins staðar fyrir sig út frá fyrirbyggjandi upplýsingum.

Fram kemur að hvað varði möguleg áhrif efnistöku á landslag þá sé ljóst að efnismagn sem áætlað sé að taka úr efnistökuastaðum vegna framkvæmda við Blöndulínu 3 muni hafa áhrif á landslag og sjónræn áhrif í nágrenni viðkomandi staðar. Sjónræn áhrif og áhrif á landslag séu óljós þar sem ekki liggja fyrir hversu mikið verði tekið úr hverri námu né hvort hún verði í notkun eftir framkvæmdir. Erfitt sé því að gera grein fyrir þeim áhrifum á þessu stigi.

Fram kemur að jarðlög á efnistökusvæðum séu að mestu áreyrar en einnig sjávarset, jökulruðningur og malarhjallar sem séu ekki vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd. Efnistökusvæðin hafi öll lágt verndargildi samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar m.t.t. jarðmyndana. Á nokkrum efnistökuastaðum fylgi hætta á landbroti og dæmi séu um efnistökusvæði innan vatnsverndarsvæða. Efnistökusvæðin séu yfirleitt lítt gróin eða með slitróttu gróðurþekju, að mestu gras en nokkur séu þó með meiri gróðurþekju.

Í umsögn Fiskistofu er gerð athugasemd við að hvergi sé rætt um hugsanleg áhrif á fiskistofna af efnistöku sem fram fari í eða við árfarvegi og að sérfræðingar í slíkum málum hafi ekki komið að gerð skýrslunnar. Sérstaklega er bent á nokkra efnistökuastaði bæði í og við Blöndu

og Svartá, sem séu mikilvægar laxveiðiár og í og við Öxnadalsá/Hörgá, sem séu mikilvæg vistkerfi fyrir bleikju og ekkert sé fjallað um í frummatsskýrslu.

Í svörum Landsnets kemur fram að á þeim efnistökuástandum sem Fiskistofa nefni í umsögn sinni sé ólíklegt að efni verði tekið úr árfarvegum nema að takmörkuðu leyti. Ef talin verði þörf á efnistöku í eða við ár og vötn muni framkvæmdaraðili sækja um leyfi Fiskistofu og á því stigi sé mögulegt að leita álits sérfræðinga á áhrifum efnistöku á viðkomandi svæðum á lífríki og fiskstofna.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að hvorki í frummatsskýrslu né í fornleifaskráningarskýrslu sé gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa á eða í nágrenni efnistökuástandanna enda ekki að sjá að fornleifar hafi verið skráðar á þessum stöðum. Þó litlar líkur séu á að fornleifar finnist á efnistökuástandum telur stofnunin að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða fyrirhugaða efnistökuástandi. Gera þurfi Fornleifavernd ríkisins grein fyrir niðurstöðum athugunarinnar, sem muni í framhaldinu leggja mat á til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa vegna fornleifa sem kunni að vera í hættu á efnistökuástandum.

Í svörum Landsnets segir að ef nýir efnistökuástandir verði opnaðir verði haft samráð við fornleifafræðing áður en efnistaka hefjist. Að lokinni slíkri athugun verði niðurstöður kynntar Fornleifavernd ríkisins.

Nokkrir aðilar gera athugasemdir við að engin umfjöllun sé í frummatsskýrslu um umferð á framkvæmda- og rekstartíma né um efnisflutningaleiðir.

Landsnet bendir á að á framkvæmdatíma verði umferð um slóðir og vegi vegna flutnings á efni, starfsmönnum og vinnuvélum. Að öðru leyti sé ekki unnt að fjalla með markvissum hætti um umfang umferðar, eða efnisflutningaleiðir, þar sem óvissa ríki um hvar efni verði tekið og hversu mikið á hverjum stað.

Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir benda á að í Öxnadal sé getið um níu mögulega efnistökuástandi, þar af sex nýja staði og samkvæmt frummatsskýrslu sé gert ráð fyrir að farið verði í allar megin árkeilur í framanverðum dalnum að austan en þar sé um að ræða nýjar námur í öllum tilfellum. Ekki séu metin sameiginlega sjónræn áhrif vegna þessara efnistökusvæða. Fram kemur að Landsnet horfi framhjá vatnsvernd án þess að rökstyðja þá nálgun og álykti að allar námur í Öxnadal hafi þar með lágt eða mjög lágt verndargildi. Þessi niðurstaða eigi að mati athugasemjenda ekki við rök að styðjast, jafnvel þó horft væri framhjá vatnsvernd, þar sem fyrirhugaðir efnistökuástandir verði vel sjáanlegir frá þjóðvegi 1 og myndu hafa veruleg áhrif á ásýnd Öxnadals í alfaraleið.

Í svörum Landsnets kemur fram að áhrif vegna efnistöku, séu háð ákveðinni óvissu þar sem ekki sé ljóst fyrir en komi á framkvæmdastig úr hvaða námum efni verði tekið og hversu mikið. Ekki sé ráðgert að taka efni á öllum þeim stöðum sem sýndir séu í Öxnadal heldur fyrst og fremst úr opnum námum og námum á skipulagi. Áður en að framkvæmdum komi, þurfi viðkomandi sveitarfélag að samþykkja efnistöku á hverjum stað. Varðandi vatnsvernd segir Landsnet að horft sé framhjá henni þar sem á grannsvæðum og fjarsvæðum vatnsverndar séu leyfðar takmarkaðar framkvæmdir. Fjöldamargir efnistökuástandir á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga séu á vatnsverndarsvæðum og hafi efnistakan vanalega ekki neikvæð áhrif á grunnvatn ef rétt sé staðið að málum.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst, með hliðsjón af því sem kemur fram hér að framan, að í matsskýrslu sé mat á áhrifum efnistöku á hina ýmsu umhverfisþætti mjög takmarkað eða háð mikilli óvissu, m.a. þar sem ekki verður ljóst fyrir en kemur á framkvæmdastig úr hvaða námum efni verður tekið og hversu mikið. Þar af leiðandi er ekki hægt að fjalla um umfang umferðar eða efnisflutningaleiðir með markvissum hætti. Því er jafnframt erfitt að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag á þessu stigi. Ekki hefur verið leitað álits



sérfræðinga á mögulegum áhrifum efnistöku á lífríki straumvatna þar sem ekki er enn ljóst hvort efni verði tekið á viðkomandi svæðum í ám og því ekkert mat fyrir hendi á lífríki straumvatna eins og Fiskistofa bendir á. Fornleifavernd ríkisins hefur bent á að ekki sé gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa á eða í nágrenni efnistökuastaðanna og að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða fyrirhugaða efnistökuastaði. Þá er ljóst að hugsanleg efnistökusvæði hafa ekki verið skoðuð m.t.t. gróðurfars.

Samkvæmt matsskýrslu hafa verið skoðaðir yfir 50 staðir sem til greina kemur að taka efni úr en Landsnet tekur fram að efni verði fyrst og fremst tekið úr opnum námum og námum sem séu í samræmi við skipulag. Í kortahefti og töflum í matsskýrslu má lesa út að innan við helmingur efnistökuastaðanna er í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaganna og meirihlutinn frágengin svæði eða hafa ekki verið opnuð fyrir efnistöku. Hins vegar hefur fyrirtækið jafnframt sagt að ekki liggi fyrir hvort viðkomandi efnistökuastaður á skipulagi sé í rekstri eða ekki og erfitt að fullyrða um stöðu hvers og eins staðar fyrir sig út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Landsnet vísar til efnistökuáætlunar sem gera þurfi síðar fyrir hvern efnistökuastað fyrir sig sem viðkomandi sveitarfélag þurfi að samþykkja áður en unnt sé að veita framkvæmdaleyfi. Einnig kemur fram að ef talin verði þörf á efnistöku í eða við ár og vötn væri hægt að leita álits sérfræðinga á áhrifum efnistöku á viðkomandi svæðum á lífríki og fiskstofna í tengslum við leyfisumsókn til Fiskistofu.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi þess sem að framan greinir hafi efnistaka vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar ekki hlotið málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem ekki hefur verið unnt að leggja mat á áhrif hennar á hina ýmsu umhverfisþætti. Ljóst er að fyrirhuguð efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum og þarf að hljóta þá málsmeðferð sem þar er kveðið á um burtséð frá því að farið verði eftir öðrum ákvæðum laga og reglna um efnistökuáætlun, framkvæmdaleyfi og að afla þurfi leyfis Fiskistofu til framkvæmda við ár og vötn. Í ljósi þessa telur stofnunin að áður en viðkomandi sveitarfélag veitir framkvæmdaleyfi til byggingar Blöndulínu 3 innan síns sveitarfélags, þurfa að liggja fyrir niðurstöður málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr þeim námum sem þarf að sækja efni úr til byggingar línunnar innan sveitarfélagsins.

### 3 FLUTNINGSGETA LÍNU OG MARKMIÐ LAGNINGAR

Í matsskýrslu kemur fram að tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 sé að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi en verkefnið sé jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínukerfisins um landið, styrkja það og endurnýja, en kerfið hafi verið byggt upp á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Flutningsgeta byggðalínukerfisins sé takmörkuð og valdi það vandkvæðum við rekstur þess, einkum við línubilanir. Elsti hluti byggðalínukerfisins milli Varmahlíðar og Akureyrar (Rangárvallalína 1) sé orðinn 40 ára gamall og farinn að nálgast eðlilegan líftíma tréstaurlína. Þessi lína mæti því ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til flutningskerfisins varðandi rafmagnsgæði og afhendingaröryggi.

Fram kemur að í áætlunum Landsnets séu settar fram tvær eftirfarandi sviðsmyndir varðandi miðlæga raforkukerfið utan Suðvesturlands, þar sem lagning hálendislínu muni ráða hvor sviðsmyndin verði ofan á. Annars vegar sé um að ræða 220 kV raforkukerfi frá Blönduvirkjun í vestri, um Akureyri, Þeistareykjasvæðið og Kröflu að Fljótsdal í austri, ásamt tengingu yfir hálendið frá Þjórsársvæðinu að Kröflusvæðinu. Hins vegar sé um að ræða 220 kV raforkukerfi frá Brennimeil í Hvalfirði, um Blönduvirkjun, Akureyri, Þeistareykjasvæðið og Kröflu að Fljótsdal í austri og þaðan áfram með núverandi línu um Hornafjörð að

Þjórsársvæðinu. Línakerfið tengdist síðan við kerfið á Suðvesturlandi á Brennimeil í Hvalfirði og á Þjórsársvæðinu. Fram kemur að Blöndulína 3 verði mikilvægur hlekkur í meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi, burtséð frá því hvor ofangreindra sviðsmynda yrði að veruleika og því mikilvægur hluti af samtengdu meginflutningskerfi raforku á Íslandi. Við hönnun línunnar sé tekið mið af þessu framtíðarhlutverki og því sé flutningsgeta línunnar ákvörðuð þannig að hún geti annað nauðsynlegum orkuflutningi til langs tíma. Með því móti séu lágmörkuð umhverfisáhrif að því leyti, að ekki verði nauðsynlegt að byggja ný flutningsvirki í hvert sinn sem nýr orkuframleiðandi eða orkunotandi, svo sem ný atvinnustarfsemi, komi til skjalanna. Þannig sé meginflutningskerfinu ætlað að hafa sveigjanleika til að mæta slíkri aukningu.

Fram kemur að til að tryggja að línakerfið uppfylli það framtíðarhlutverk sem því sé ætlað, sé nauðsynlegt að það sé byggt fyrir 220 kV spennu. Flutningsgeta 220 kV lína sé á bilinu 300 til 600 MVA og sé tiltölulega lítill kostnaðarmunur eftir flutningsgetu og því hagkvæmast að flutningsgeta Blöndulínu 3 verði allt að 560 MVA, miðað við 220 kV rekstrarspennu. Línan sé því hönnuð fyrir þessa flutningsgetu en gert sé ráð fyrir að línan verði rekin á 132 kV spennu í stað 220 kV til að byrja með. Flutningsgeta línunnar verður því ekki fullnýtt undir venjulegum rekstrarskilyrðum en getur verið það þegar aðrar línur falla úr rekstri vegna bilana eða viðhalds. Til dæmis ef „suðurvængur byggðalínunnar“ (frá Sigöldu og austur) dettur út vegna bilana og flytja þarf orkuna milli landshluta um norðurhluta byggðalínunnar í staðinn. Flutningsgeta kerfisins þurfi því að vera mun hærri en sem samsvari flutningi við venjulegan rekstur.

Í athugasemdum Landverndar kemur fram það álit að Landsnet rökstyðji ekki nægilega vel þörfina á svo stórra háspennulínu til þess að uppfylla markmið um styrkingu meginflutningskerfis raforku á Norðurlandi. Ef litið sé til raforkuspár fram til ársins 2050 sé talið að orkuaukning á Norðurlandi verði rétt rúmlega 40% (161 GWh) eða u.þ.b. 1% á ári. Því verði ekki séð að þörf sé á svo stórra háspennulínu eins og Landsnet geri ráð fyrir í frummatsskýrslunni, en mikill munur sé á umhverfisáhrifum 220 kV lína annars vegar og minni lína hins vegar.

Sveinn Margeirsson spyr í athugasemd sinni um þörf á línu með 220 kV spennu þegar ætlunin er að reka línuna á 132 kV spennu um fyrirséða framtíð. Sveinn tekur undir með Landvernd um að í ljósi spár orkuspárnefndar sé erfitt að sjá að um almannahagsmuni sé að ræða, frekar sé um að ræða þörf vegna uppbyggingar stóriðju.

Landsnet svarar því til að spennuhækkun línunnar í 220 kV gæti orðið eftir um 10 ár. Blöndulína 3 sé mikilvægur hlekkur í samtengdu meginflutningskerfi raforku á Íslandi og horft sé til framtíðar þegar flutningsgeta sé ákvörðuð. Þá sé Blöndulína 3 einnig hluti af styrkingu flutningskerfisins sem sé nauðsynleg til að bæta stöðugleika og gæði raforku á Norðurlandi. Vísað er til umfjöllunar í matsskýrslu um þau atriði sem athugasemdir lúta að og að hún sé mun ítarlegri en í frummatsskýrslu, einkum í ljósi athugasemda sem bárust við kynningu hennar.

Nokkrir aðilar gera athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf sé á með vísun til óljósra fyrirætlana um að síðar þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhvern tímann einhvers staðar. Óskað sé eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýri umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Í svörum Landsnets kemur fram að með Blöndulínu 3 sé ekki farið út í umfangsmeiri framkvæmd en þörf sé á. Vísað er til svars við athugasemd hér að framan. Auk þess er bent á að í kerfisáætlunum Landsnets 2011–2015 og 2012–2016, auk langtímaáætlunar til ársins 2026, sé gerð grein fyrir framtíðarsýn Landsnets varðandi uppbyggingu

meginflutningskerfisins. Þar sé sú uppbygging sett í samhengi við þá áætlun sem stjórnvöld hafi lagt fram varðandi vernd og orkunýtingu, þ.e. rammaáætlun. Þar sé lögð áhersla á nauðsyn þess að styrkja tengingar innan landsvæða og á milli svæða til þess að hægt sé að flytja orku milli framleiðenda og notenda óháð því hvar á landinu þeir tengist flutningskerfinu. Fram kemur að hvað varði Blöndulínu 3 sérstaklega, þá muni núverandi flutningskerfi á Norðurlandi verða fulllestað árið 2020, sé eingöngu miðað við vöxt almenns álags á Norðurlandi. Eigi að tryggja áfram örugga afhendingu orku á Norðurlandi þurfi því að styrkja flutningskerfið þar. Kerfisrannsóknir hafi sýnt að ný tenging milli Blöndu og Akureyrar sé mikilvægur hlekkur í því. Til þess að sú tenging nýtist í þeirri framtíðarsýn sem Landsnet hafi sett fram í áðurgreindum kerfisáætlunum og stjórnvöld í verndar- og orkunýtingaráætlun sé þörf á því að byggja Blöndulínu 3 með þeim hætti sem Landsnet áætli.

Í athugasemdum margra einstaklinga er farið fram á að Skipulagsstofnun nýti heimild í 4. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum til þess að leita sérfræðialíts á nauðsyn 220 kV línu í stað 132 kV línu.

**Skipulagsstofnun** bendir á að í matsskýrslu kemur fram að tilgangur með Blöndulínu 3 sé tvíþættur, annars vegar að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi og hins vegar fyrsti áfangi í að auka flutningsgetu byggðalínukerfisins. Landsnet rökstyður nauðsyn þess að reisa Blöndulínu 3 sem 220 kV línu með tilliti til þessara markmiða og byggir m.a. á greiningu og spá sem birtist í Kerfisáætlun Landsnets 2012-2016 og langtímaáætlun til ársins 2026. Kerfisáætlunin byggir m.a. á raforkuspá, raforkusölusamningum, tillögum um virkjanakosti í bið- og nýtingarflokki, sem þá lágu fyrir í tillögu að verndar- og orkunýtingaráætlun og áformum um uppbyggingu iðnaðarsvæða í aðalskipulagi sveitarfélaga. Þá kemur fram að ef eingöngu sé miðað við vöxt almenns álags á Norðurlandi þá muni núverandi flutningskerfi á Norðurlandi verða fulllestað árið 2020. Skipulagsstofnun telur að ef horft væri eingöngu til þess markmiðs að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi sé ekki ljóst, samkvæmt framlögðum gögnum, hvort þörf sé á að reisa 220 kV línu í dag.

Skipulagsstofnun telur hins vegar að gangi sú spá eftir sem kemur fram í Kerfisáætlunum Landsnets, um þörf á aukinni flutningsgetu byggðalínukerfisins, megi rökstyðja nauðsyn þess að leggja Blöndulínu 3 með 220 kV spennu. Stofnunin telur hins vegar að ljóst sé að forsendurnar eru margar hverjar háðar töluverðri óvissu, þá sérstaklega varðandi tímaþáttinn, t.d. varðandi virkjanaframkvæmdir og raforkusamninga í samræmi við mögulega uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Með hliðsjón af ofangreindu þá telur Skipulagsstofnun að sérfræðialít væri óhjákvæmilega háð jafnmikilli óvissu og rökstuðningur Landsnets fyrir þörf á 220 kV Blöndulínu, þar sem ljóst er að taka þyrfti mið af sömu forsendum og koma fram í rökstuðningi Landsnets. Því telur stofnunin að ekki sé grundvöllur fyrir því að óska eftir sérfræðialíti varðandi þennan þátt.

## 4 NÚVERANDI LÍNA

Í matsskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir að Rangárvallalína 1, núverandi byggðalína milli Varmahlíðar og Akureyrar, verði í rekstri í óbreyttri mynd út líftíma sinn, að lágmarki 10-15 ár til viðbótar. Það sama eigi við um Blöndulínu 2 frá Blöndustöð að Varmahlíð, en líftími hennar sé þó lengri. Ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær þessar línur verði teknar niður né hvort og þá hvers kyns tengingar leysi þær af hólmi þegar þær að komi. Þar sem Blöndulína 3 muni í fyrstu ekki tengjast við tengivirki í Varmahlíð eins og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 geri í dag verði þessar línur nauðsynlegar til að tengja raforkunotendur í Skagafirði við meginflutningskerfið. Fram kemur að með því að byggja nýja línu milli Blönduvirkjunar og Rangárvalla á Akureyri sé verið að létta til muna álaginu af Blöndulínu 2

og Rangárvallalínu 1. Þar með aukist möguleikar kerfisins til þess að koma til móts við aukna raforkunotkun á öllu svæðinu frá Laxárvatni í Húnavatnshreppi í vestri að Rangárvöllum í austri auk þess sem afhendingaröryggi aukist að og frá spennistöðvum við Laxárvatn, í Varmahlíð og á Rangárvöllum.

Fram kemur að afhendingaröryggi raforku sé háð fleiri þáttum en flutningsgetu. Blöndulína 3 muni ein og sér vel geta þjónað flutningsþörfinni milli Blöndustöðvar og Akureyrar, en tilvist beggja tenginganna, það er Blöndulínu 3 annars vegar og Rangárvallalínu 1 og Blöndulínu 2 hins vegar, auki afhendingaröryggi raforku á Norðurlandi frá því sem nú sé. Blöndulína 3 auki ekki einungis flutningsgetuna heldur bæti hún einnig úr brýnni þörf á auknum stöðugleika í flutningskerfinu. Fram kemur að þó svo Blöndulína 3 yrði strax tengd Varmahlíð, yrðu eftir sem áður veikir hlekkir annars staðar á byggðalínunni. Í daglegum rekstri flutningskerfisins á Norðurlandi sé flutningur raforku frá vestri til austurs, en við rekstrartruflun gæti þurft að treysta á flutning frá Sigöldu austur um og norður að Akureyri. Flutningsgeta lína á þeirri leið sé enn sem komið er takmörkuð, þar séu langar flutningslínur, talsvert spennufall og stöðugleikavandamál. Því geti rekstrartruflun á Blöndulínu 3 valdið skertu afhendingaröryggi á Norður- og Austurlandi ef Blöndulína 2 og Rangárvallalína 1 verði ekki til staðar.

Fram kemur að á næstu árum áætli Landsnet að styrkja frekar veika hlekki á byggðalínunni þannig að þýðing Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu 1 fyrir afhendingaröryggi muni minnka frá því sem nú er. Hugsanlega verði nægilegt að gera endurbætur og breytingar á hluta núverandi lína á byggðalínuhringnum en annars staðar muni þurfa að byggja nýjar línur samhliða þeim eldri. Einnig komi nýjar tengingar til greina svo stytta megi leiðir og mynda möskvað kerfi. Endanleg greining á framangreindum þáttum á öðrum hlutum byggðalínunnar en Blöndulínu 3 liggi ekki fyrir af hálfu Landsnets og því sé ekki hægt að segja til um hvernig fyrirkomulag á endurnýjun byggðalínuhringsins verði í framtíðinni. Breytist forsendur sé hugsanlegt að leggja megi af Rangárvallalínu 1 og/eða Blöndulínu 2, til dæmis ef allur byggðalínuhringurinn verði rekinn á 220 kV spennu og Blöndulína 3 þá tengd Varmahlíð.

Í athugasemdum nokkurra aðila er bent á að í matsáætlun sé talað um að í frummatsskýrslu verði fjallað um hvenær núverandi byggðalína um héraðið verði aflögð og fjarlægð. Ekki verði séð að frummatsskýrsla sé í samræmi við matsáætlun að þessu leyti þar sem í skýrslunni komi þessar tímasetningar ekki fram.

Í svörum Landsnets kemur fram að umfjöllun í kafla 2.3.1 í matsskýrslu um breytingar á núverandi línunum hafi verið aukin. Þar sé nú gerð grein fyrir nauðsyn þess að viðhalda núverandi tengingum, a.m.k. fyrst um sinn, m.a. til að tengja raforkunotendur í Skagafirði við meginflutningskerfið. Jafnframt komi fram að óvissa sé um hvort og þá hvers kyns tengingar muni leysa núverandi línur af hólmi þegar þar að komi.

Í athugasemdum nokkurra aðila er spurt hvort það sé fær kostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu samsíða. Þannig mætti mæta almenningsþörf fyrir raforku og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi. Sú afstaða að hvorki standi til að fjarlægja núverandi línur né að mögulegt sé að styrkja þær standi í vegi viðleitni til sátta í þessu máli og svo virðist sem nýlagning Blöndulínu 3 sé eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju.

Í svari Landsnets kemur fram að núverandi byggðalína milli Varmahlíðar og Akureyrar (Rangárvallalína 1) sé með takmarkaða flutningsgetu og orðin flöskuháls í flutningskerfinu. Línan sé elsti hluti núverandi byggðalínu og ekki sé talið raunhæft að auka flutningsgetu hennar nema að mjög litlu leyti. Línan sé á ýmsan hátt ólík öðrum hlutum byggðalínunnar þar sem leiðari hennar sé annar og flutningsgeta hennar þess vegna um 45% minni en annarra kafla byggðalínunnar. Hávaði frá leiðaranum yrði of mikill yrði línan spennuhækkuð og því yrði að setja stærri leiðara hvort sem flutningur yrði aukinn á 132 kV eða línan

spennuhækkuð. Stærri leiðari kalli aftur á móti á breytingar á nánast öllum byggingarhlutum línunnar; skipta þyrfti út öllum tengibúnaði, reisa ný hornmöstur, skipta um slár og styrkja burðarstæður með krossum og betri jarðfestum auk þess sem skipta yrði út hluta staura. Staurar sem eftir stæðu yrðu engu að síður veikari en aðrir hlutar byggðalínu og áreiðanleiki línunnar þar með minni auk þess sem áraun frá vindi ykist með stærri leiðara. Fram kemur að tæknilega sé mögulegt að auka flutningsgetu Blöndulínu 2 að einhverju marki en ekki sem nemi áætlaðri framtíðarþörf. Sú aukning nýtist þó ekki þar sem Rangárvallalína 1 sé flöskuhálsinn í kerfinu. Kerfið geti því ekki brugðist við almennri aukningu orkunotkunar næstu árin (1% aukning á ári skv. raforkuspá) auk þess sem umtalsverð aukning á orkunotkun vegna iðnaðaruppbyggingar, hvort sem er í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslum, sé ekki möguleg nema með tilkomu Blöndulínu 3. Fram kemur að styrking meginflutningskerfisins sé ekki vegna stórnotenda þar sem allar styrkingar kerfisins miði við að sinna betur öllum viðskiptavinum þess. Meginflutningskerfið sé hryggjarstykkið í samtengdu flutningskerfi, sem nái um allt land og þurfi að vera sveigjanlegt til að geta mætt hvers kyns orkunotkunarþörf um allt land. Nærtækast sé að benda á það víðtæka straumleysi sem varð í september 2012 hjá almennum notendum á Norðurlandi, en með Blöndulínu 3 í rekstri hefði sem dæmi hvorki orðið rafmagnslaust á Sauðárkróki né Akureyri.

**Skipulagsstofnun** telur að Landsnet hafi fært fyrir því rök að erfitt væri að spennuhækka núverandi línur í allt að 220 kV. Stofnunin telur ljóst að þar sem reka á Blöndulínu 3 á 132 kV að lágmarki næstu 10-15 árin sé umdeilanlegt að ráðast þurfi strax í byggingu 220 kV línu. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í athugasemdum að sú afstaða að hvorki standi til að fjarlægja núverandi línur né að mögulegt sé að styrkja þær, geti verið eitt af þeim atriðum sem geti staðið í vegi fyrir sáttum í þessu máli. Stofnunin telur að rök Landsnets fyrir þörf á núverandi Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu 1 þegar reist hefur verið ný lína, Blöndulína 3, með mikla flutningsgetu, séu ekki augljós. Röksemdafærsla Landsnets byggir annars vegar á framtíðarsspám um áætlaða orkuþörf, sem eins og Skipulagsstofnun hefur bent á í kafla 3 hér að framan, er háð óvissum forsendum. Hins vegar byggir rökstuðningurinn á kerfisfræðilegum skýringum sem Skipulagsstofnun hefur ekki forsendur til að leggja mat á. Skipulagsstofnun telur ljóst að ýmislegt í rökstuðningi Landsnets orki tvímælis, m.a. þær skýringar hvers vegna ekki sé fyrirhugað að tengja Blöndulínu 3 við tengivirkið í Varmahlíð þegar línan verður reist. Ennfremur sú staðhæfing að núverandi línur, sem eru tæplega 40 ára gamlar og farnar að nálgast eðlilegan líftíma tréstaurlína, séu engu að síður nauðsynlegar til að bæta stöðugleika og gæði raforku á Norðurlandi og til að tryggja afhendingaröryggi raforku. Skipulagsstofnun telur að þótt að ljóst sé að hin nýja lína sé mannvirki af allt annarri stærðargráðu en gömlu tréstaurlínurnar og mun meira áberandi en þær, þá myndi draga úr samlegðaráhrifum m.t.t. sýnileika ef eldri línurnar yrðu fjarlægðar.

## 5 VALKOSTIR

Í matsskýrslu kemur fram að við frumkönnun línuleiða og undirbúning mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 hafi ýmsir aðrir kostir fyrir legu línunnar verið skoðaðir en þeir sem kynntir séu í þessu mati. Við samanburð valkosta hafi verið lagt mat á ýmsa þætti, eins og áhrif á landslagsheildir, rask á landi, verndarsvæði, áhrif á útivist og ferðapjónustu, afhendingaröryggi raforku og lengd línuleiðar. Í ferlinu hafi verið haft samráð við sveitarfélög á svæðinu. Valkostir fyrir legu línunnar hafi helst verið frá Blöndustöð yfir í Skagafjörð, þvert yfir Skagafjarðar og á svæði frá botni Norðurárdals yfir í Hörgársveit.

**Núverandi línustæði frá Blöndustöð að mynni Norðurárdals.** Í matsskýrslu kemur fram að það hafi verið til skoðunar að fara með Blöndulínu 3 samhliða núverandi línunum þar sem það ætti við, en ýmsar forsendur hafi breyst frá því þær voru reistar fyrir nærri 40 árum. Þá sé til

Þess að líta að líftími Blöndulínu 3 verði mun lengri en núverandi byggðalínu. Fyrir liggi að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu með einhverjum hætti innan fárra áratuga, en óljóst með hvaða hætti það verði gert. Því geti í vissum tilvikum verið gild rök fyrir því að fylgja ekki núverandi línuleið. Á kaflanum frá Blöndustöð til Skagafjarðar eru forsendur leiðarvals gjörbreyttar. Blönduvirkjun hafi ekki verið komin til sögunnar þegar byggðalínunni hafi verið valinn staður. Um 13 km lengri leið er meðfram núverandi línu. Í Skagafirði liggi núverandi byggðalína að verulegu leyti í nánd við bæi. Í Blönduhlíð séu tún og akrar á margra kílómetra kafla undir línunni, skammt neðan bæja, allt frá Miklabæ að Silfrastöðum. Þá liggi núverandi lína meðfram fjölförnum hluta þjóðveggar 1 í Blönduhlíð og á kafla við Uppsali sé línán það nálægt veginum að vart náist löglegar fjarlægðir ef ný lína kæmi þar á milli. Línuleið meðfram núverandi línu um Skagafjörð sé líklega tæknilega fær, en af ofangreindum ástæðum þótti ekki raunhæft að leggja hana fram sem valkost því að völ sé á öðrum kostum sem hafa ekki þessa annmarka og séu mun fjær bjarhúsum. Gegni þar öðru máli en í Hörgársveit, þar sem vart sé völ á betri kostum en að fylgja í megindrátum núverandi línu. Niðurstaðan hafi verið að finna nýja og eðlilegri legu fyrir Blöndulínu 3 frá Blöndustöð að mynni Norðurárdals í stað þess að fylgja núverandi byggðalínu.

**Hrómundarskarð og Kiðaskarð.** Fram kemur að frá Blöndustöð yfir í Skagafjörð hafi verið tvær meginlínuleiðir til skoðunar aðrar en aðalvalkostur, þ.e. leið um sunnanvert Vatnsskarð. Í fyrsta lagi um Hrómundarskarð (leið B) sem er mjög þröngt sem kalli á hættu á snjósöfnun og óvissu um snjóflóðahættu. Vegna meiri hæðar yfir sjó, 200 m og áhrifa fjallendis á báða vegu sé talið að vindálag sé þar meira en í Vatnsskarði sem og ísingarhætta, einkum austast í skarðinu. Þá sé aðgengi mun verra en í Vatnsskarði. Í öðru lagi sé um að ræða Kiðaskarð (leið C) þar sem séu sömu vandamál; vindaálag og snjósöfnun en snjóflóðahætta væntanlega minni en í Hrómundarskarði og ísingarhætta að líkindum talsverð í því vestanverðu. Fram kemur að um Kiðaskarð liggi nú 11 kV tréstaurlína og sé aðgengi þar betra en í Hrómundarskarði, skarðið sé vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil á útivist auk þess sem lína þar myndi skerða landslagsheildir mun meira en á Vatnsskarði.

**Efribyggðarleið-Valkostur neðan Mælifells.** Í matsskýrslu kemur fram að við undirbúning Blöndulínu 3 hafi verið skoðaðir fleiri valkostir á Efribyggðarleið, meðal þeirra valkostur neðan við Mælifell. Aðgengi að línunni sé betra en að aðalvalkosti og hún liggi lægra í landi. Ókostir séu að línán væri í meiri nánd við fleiri bæi (350-700 m fjarlægð), meiri áhrif yrðu á landnýtingu og sýnileiki meiri og með öðrum hætti.

**Hörgárdalsheiði-Hörgárdalur.** Samkvæmt matsskýrslu hafi við undirbúning verksins verið kannað hvort til greina kæmi að leggja Blöndulínu 3 um Hörgárdalsheiði og Hörgárdal. Með þessum valkosti, þ.e. núverandi lína og ný lína yrðu hvor í sínum dalnum, myndi áhætta fyrir flutningskerfið vegna snjóflóða og veðurfars dreifast. Leiðin um Hörgárdalsheiði sé um 1,8 km styttri en um Öxnadalsheiði, liggi hins vegar um 100 m hærra og þar sé meiri óvissa hvað varði snjóflóða- og ísingarhættu. Farið yrði inn á nýtt óraskað svæði sem kalli á meiri slóðagerð og línán yrði áberandi við mynni Öxnadals, þar sem sé talsverð byggð og myndi leiða til meiri áhrifa á núverandi landnotkun. Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, norðan þjóðveggar 1, sé á náttúruminjaskrá og með því að fara Hörgárdalsheiði væri farið á löngum kafla inn á það svæði, en leiðin um Öxnadalsheiði sé í jaðri þess á mun styttri kafla. Að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld í Hörgársveit og Akrahreppi hafi niðurstaðan verið sú að leggja fram tillögu um að fara Öxnadalsheiði.

**Trémöstur.** Samkvæmt matsskýrslu hafi verið skoðaður sá möguleiki að reisa Blöndulínu 3 með trémöstrum í byggð og þá einkum í Skagafirði. Með tilliti til veðurfarslegra álagsforsendna og þess áreiðanleika sem gert sé ráð fyrir séu trémöstur ekki talin heppileg fyrir þessa stærð af línu. Þau þoli takmarkað álag í lengdarstefnu línu og þar af leiðandi sé meiri hætta á keðjuverkandi hruni á möstrum. Þá þurfi um 7-9 trémöstur á hvern km í stað

þriggja á hvern km af stálmöstrum og þau hafi styttri endingartíma og þurfi meira viðhald, sem aukist með tímanum, heldur en stálmöstur.

Margir aðilar gera athugasemdir við þá staðhæfingu Landsnets í frummatsskýrslu að Kiðaskarð sé vinsæl ferðaleið. Um sé að ræða skemmtilega ferðaleið en að flokka hana sem vinsæla séu í besta falli ýkjur. Aftur á móti er bent á að leiðin um Mælifellsdal sé vinsæl ferðaleið. Samt sé Efrabyggðarleið metin sem valkostur en línun þverir Mælifellsdal á áberandi hátt. B. Pálsson bendir á að Kiðaskarðsleið væri örugglega til þess fallin að skapa sátt meðal þeirra íbúa sem nú mótmæla annars vegar línuleið um Efrabyggð og hins vegar meðfram Héraðsvötnum.

Landsnet svarar því til að Kiðaskarðsleið hafi verið metin lakari en Vatnsskarðsleið meðal annars vegna meiri hæðar yfir sjó, skarðið sé þröngt og krókótt og erfitt að koma þar fyrir 220 kV línu nema með kostnaðarsömum sérlausnum. Auk þess liggja Vatnsskarðsleið mun betur við tengingu við utanverðan Skagafjörð.

Einar Ólafsson o.fl. og Elín H. Sigurjónsdóttir og Jón Magnússon beina þeirri spurningu til Landsnets hvort fyrirtækið kjósi Héraðsvatnaleið eða Efrabyggðarleið þar sem leiðirnar eru algjörlega lagðar að jöfnu.

Í svörum Landsnets kemur fram að báðar leiðirnar séu tæknilega færar og komi því jafnt til greina en það sé sveitarfélaganna í Skagafirði að ákveða hvor leiðin verði farin með breytingu aðalskipulags.

Landvernd, Ólafur P. Hallgrímsson og B. Pálsson spyrja í athugasemdum sínum hvers vegna ekki sé valið að fara með línuna meðfram núverandi línu þar sem fram komi í kafla 3.1.1 að sú leið sé líklega tæknilega fær. Ekki sé með ásættanlegum hætti gerð grein fyrir því hvers vegna ekki sé talið unnt að leggja línuna samhliða núverandi byggðalínu eða í stað hennar austan Héraðsvatna.

Í svörum Landsnets er bent á að þó að sú leið sé tæknilega fær sé hún ekki hagkvæm. Landsnet bendir á að í kafla 3.1.1 í matsskýrslu sé að mati fyrirtækisins fjallað með fullnægjandi hætti um þann möguleika að leggja línuna samhliða núverandi byggðalínu. Niðurstaðan sé að Blöndulína 3 liggja á stórum hluta leiðarinnar samhliða núverandi byggðalínu. Í Skagafirði hafi aftur á móti verið völ á öðrum kostum sem þóttu betri og því ekki talin þörf á frekari samanburði.

Í athugasemdum Ólafs Valssonar og Sifjar Konráðsdóttur kemur fram að skv. matsáætlun hafi átt að skoða tréstaurlínu og bera saman með tilliti til sjónrænna áhrifa, kostnaðar og röskunar á umhverfi. Í frummatsskýrslu sé lítilllega dregið á þann möguleika að setja trémöstur á hluta leiðarinnar, en ekkert fjallað um sjónræn áhrif, kostnað og röskun á umhverfi. Ekki verði séð að frummatsskýrsla sé í samræmi við matsáætlun að þessu leyti.

Í svörum Landsnets kemur fram að umfjöllun sé um þetta í frummatsskýrslu og hafi verið horft til mögulegrar notkunar á trémöstrum í byggð, þá einkum í Skagafirði. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að með tilliti til veðurfarslegra álagsforsendna og þess áreiðanleika sem gert sé ráð fyrir hafi trémöstur ekki verið talinn raunhæfur kostur í þessu tilviki.

Hæðargarður ehf. og Brynjólfur Snorrason benda á í athugasemdum sínum að í stað þess að leggja línuna í byggð út Öxnadal og í Hörgárdal yfir hjá Moldhaugum til Akureyrar hefði mátt fara að norðanverðu í Hörgárdal og leggja jarðstreng hjá Möðruvöllum, Moldhaugum til Akureyrar. Þá hefði mátt leggja línuna upp úr Skagafirði, yfir hálendið og síðan í fjalllendi til Akureyrar, sunnan Öxnadals og Hörgárdals. Ef nauðsyn hefði borið til að fara Norðurárdal og upp yfir Öxnadalshéið hefði sá möguleiki blasað við að fara annað tveggja, svokallaðan

Almenning og suður yfir heiði og til Akureyrar eða þá inn Vaskárdalinn og sömu leið til suðurs.

Landsnet svarar því til að við val á fyrirhugaðri línuleið hafi þurft að samræma mörg ólík sjónarmið og hagsmuni, svo sem öryggi, hagkvæmni, náttúruvernd, ferðamennsku, skipulag o.fl. og hafi ýmsir möguleikar verið skoðaðir. Sú leið sem sett sé fram til mats á umhverfisáhrifum sé að mati framkvæmdaraðila talin hentugasta leiðin með tilliti til framangreindra þátta.

## 6 LOFTLÍNUR OG JARÐSTRENGIR

**Almennt um kostnað, afhendingaröryggi og viðgerðartíðni.** Í matskýrslu kemur fram að umræða hafi verið um það hér á landi að leggja flutningslínur sem jarðstrengi í stað loftlína. Háspennulínur með meira en 100 kV spennu séu almennt lagðar sem loftlínur, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, sem og reyndar um heim allan. Meginástæður séu meiri kostnaður og erfiðari rekstur jarðstrengja þegar spennan sé orðin þetta há. Kostnaður, tæknilegir vankantar og minna afhendingaröryggi séu þannig helstu ástæður þess að ekki sé fyrirhugað að leggja Blöndulínu 3 í jörð. Fram kemur að hlutfall jarðstrengs- og loftlínukostnaðar sé háð tveimur meginþáttum, þ.e. rekstrarspennu og flutningsgetu mannvirkjanna. Ætla megi að stofnkostnaður 220 kV jarðstrengs, sem sé um 20 km langur og sem flytja þurfi allt að 560 MVA, sé 4-6 sinnum hærri en loftlínu af sömu spennu. Þá er bent á að ef jarðstrengur fylgi mannvirkjabelti, eins og þjóðvegi, verði hann í flestum tilvikum mun lengri en loftlína með tilheyrandi kostnaðarauka. Í tilviki Blöndulínu 3 gæti leiðin til dæmis lengst um rúm 20% ef þjóðvegi væri fylgt. Þá kemur fram að sveigjanleiki til breytinga og aðlögunar flutningskerfisins að breyttum þörfum sé mun meiri í tilviki loftlína en strengja auk þess sem í matskýrslu er bent á að ótíltæki jarðstrengja geti verið mun meira en loftlína. Ótíltæki sé margfeldi bilanatíðni og viðgerðartíma, en samanburðartölur á bilanatíðni jarðstrengja og loftlína sýni að jarðstrengir bili sjaldnar. Á móti lægri bilanatíðni komi hins vegar lengri viðgerðartími jarðstrengja en loftlína og lengist sá tími með hækkandi spennu.

**Umfjöllun í matsáætlun um jarðstrengi og loftlínur.** Í matskýrslu er rakið það sem fram kom í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun Blöndulínu 3 frá því í desember 2008. Þar kom fram að í frumatskýrslu skuli leggja mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti, s.s. landslag og sjónræn áhrif, landnotkun, útivist og ferðamennsku, jarðmyndanir, fugla, gróður og fornleifar og bera þann valkost saman við lagningu háspennulínu sem loftlínu. Mat og umfjöllun tæki mið af því að gert væri ráð fyrir jarðstreng á tilteknum hlutum leiðarinnar og loftlínu á öðrum hlutum hennar.

Fram kemur í matskýrslunni að í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun frá desember 2008 hafi m.a. komið fram að „*naudsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu.*“ Með þessu orðalagi hafi Landsnet átt við að gera þyrfti grein fyrir umhverfisáhrifum jarðstrengs til jafns við loftlínu í almennum samanburði eins og gert sé í matskýrslu. Í ofangreindri ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun sé hins vegar lagt út frá framangreindu orðalagi eins og um valkost sé að ræða, það að leggja línur í jörð og því þurfi að leggja mat á áhrif þess kosts á hina ýmsu umhverfisþætti og bera saman við lagningu loftlína. Landsnet telji að hér virðist hafa verið um misskilning að ræða á milli framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar sem rekja megi til ónákvæms orðalags í svörum Landsnets við athugasemdum.

**Jarðstrengur ekki raunhæfur valkostur.** Landsnet telur að við lestur tillögu að matsáætlun hafi mátt vera ljóst að lagning Blöndulínu 3 í jörðu sé hvorki valkostur á skemmri eða lengri köflum né að leggja ætti mat á áhrif þess að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu



umhverfisþætti. Landsnet telji að ekki eigi að fjalla um framkvæmdakosti í mati á umhverfisáhrifum sem ekki séu taldir raunhæfir. Þetta sé í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og því eigi ítarleg umfjöllun í matskafla um jarðstrengi ekki rétt á sér. Framsetning framkvæmdakosta sem ekki komi til greina af hálfu framkvæmdaraðila til jafns við þá valkosti sem settir séu fram til kynningar og álits Skipulagsstofnunar yrði vafalaust afar villandi og gæti vakið upp óraunhæfar væntingar. Fram kemur að á grundvelli þeirra laga sem Landsnet sé gert að starfa eftir vinni fyrirtækið eftir þeirri framkvæmdastefnu að tengingar á 220 kV spennu og hærri séu lagðar sem loftlínur nema í algjörum undantekningartilfellum, s.s. við einstæðar umhverfisaðstæður og í þéttri íbúðarbyggð. Að mati Landsnets uppfylli enginn kafla á línuleið Blöndulínu 3 þessi skilyrði. Fram kemur að til að koma til móts við fram komnar athugasemdir við frummatsskýrslu sé hins vegar leitast við að gera umfjöllun í matsskýrslunni um samanburð umhverfisáhrifa loftlína og jarðstrengja nokkru sértækari en verið hafi í frummatsskýrslu, þ.e. með því að taka mið af aðstæðum á umræddu landsvæði án þess að greina tilteknar lagnaleiðir. Í þessu samhengi sé rétt að taka fram að jarðstrengslögn á 220 kV spennu sé gjörólík framkvæmd heldur en lagning loftlínu og forsendur allt aðrar, bæði hvað snerti leiðarval, útfærslu framkvæmdar og umhverfisáhrif. Línuleið sem sé vel fær fyrir loftlínu geti verið ófær fyrir jarðstreng, til dæmis í óreglulegu landslagi, við þverun vatnsfalla og fleira.

Margir aðilar gera athugasemdir við að í frummatsskýrslu sé eingöngu almenn umfjöllun um jarðstrengi en ekki mat á umhverfisáhrifum jarðstrengja í samanburði við loftlínur. Bent er m.a. á að umhverfisáhrif, önnur en sjónræn, þurfi ekki endilega að vera meiri í tilfelli jarðstrengs. Þannig geti lítið borið á raski ef jarðstrengur sé lagður í vegköntum og vel geti gengið að græða upp land ef strengur sé lagður í grónu landi. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri en vegna loftlínu.

Landsnet svarar því til að á grundvelli stefnu fyrirtækisins sem byggja á gildandi raforkulögum sé ekki raunhæfur valkostur að hafa jarðstreng að hluta til eða á allri leið Blöndulínu 3 og sé það sjónarmið útskýrt í tillögu að matsáætlun og í matsskýrslu. Varðandi slóðagerð þá bendir Landsnet á að meginmunur á slóðagerð fyrir annars vegar jarðstreng og hins vegar loftlínu sé sá að slóð fyrir jarðstreng þurfi að liggja meðfram allri lagnaleiðinni, en í tilfelli loftlínu þurfi slóðir einungis að liggja að mastrastæðum og því nýtist eldri slóðir frekar. Það ræðst síðan af aðstæðum á viðkomandi svæði hver heildarlengd slóða verði í hverju tilviki. Gert sé ráð fyrir að raskað svæði vegna 220 kV jarðstrengs sé að lágmarki 12-14 m að breidd.

Hrafn Margeirsson bendir á í athugasemd sinni að að stór hluti Skagafjarðar sé kjörlendi fyrir jarðstreng, þ.a.e.s. flatlent, djúpur jarðvegur og grunnvatnsstaða há. Lönd með svipaðar aðstæður hafi markað sér þá stefnu að allar línulagnir fari í jörðu, t.d. Danmörk.

Landsnet svarar því til að í þessu samhengi megi nefna að samkvæmt erlendra reynslu sé mun meira jarðrask af völdum lagningar jarðstrengja á hárri spennu en af völdum háspennulína og séu háspennulínur að því leyti mun afturkræfari framkvæmdir en jarðstrengir. Í svörum kemur jafnframt fram að það sé að hluta til rétt að Danir hafi markað sér stefnu um að allar línulagnir fari í jörðu. Í Danmörku sé stefnan sú að nýjar flutningslínur verði lagðar í jörðu á 400 kV spennu en einnig að núverandi flutningslínur verði endurnýjaðar sem loftlínur með nýjum mastragerðum.

Nokkrar athugasemdir ganga út á það að Blöndulína 3 verði sett í jörðu á tilteknum stöðum á línuleiðinni. Í umsögn Akrahrepps er hvatt er til þess að setja línuna í jörð þar sem hún þveri héraðið. Bent er á að varla sé ómögulegt að þvera héraðið með 20 km jarðstreng þegar rætt sé um lagningu rafstrengs til Englands mörg hundruð kílómetra leið.

Landsnet bendir á að jarðstrengslagnir, hvort heldur er á stuttum vegalengdum eða löngum, séu ekki raunhæfur valkostur fyrir Blöndulínu 3. Það sé í andstöðu við stefnu og viðmið

Landsnets þegar um sé að ræða 220 kV línur í miðlæga flutningskerfinu. Í tilviki sæstrengs milli landa sé um að ræða jafnstraumslausnir og liggi aðalkostnaðurinn við nýtingu jafnstraums til orkuflutnings í endabúnaðinum. Sá kostnaður sé það mikill að jafnstraumsorkuflutningur sé ekki raunhæfur nema um sé að ræða mikið magn raforku sem flytji þurfi mjög langa vegalengd, fleiri hundruð kílómetra.

Í umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og í allmörgum athugasemdum kemur fram, að óráðlegt sé að taka afstöðu til leiðarvals og málsins að öðru leyti á meðan niðurstaða nefndar sem skipuð var til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð, liggur ekki fyrir.

Í svörum Landsnets kemur fram að ef stjórnvöld setja fram stefnu um lagningu raflína í jörð sem er í grundvallaratriðum andstæð núverandi stefnu Landsnets þar um verði staða verkefnisins skoðuð í ljósi þeirrar niðurstöðu.

**Skipulagsstofnun** vill í upphafi vekja athygli á, í ljósi þess sem rakið hefur verið í kaflanum hér að framan um matsáætlun, að í fjölda athugasemda við frummatsskýrslu kom fram sami skilningur og Skipulagsstofnun lagði í svör framkvæmdaraðila vegna umræðu um jarðstrengslagnir í tillögu að matsáætlun. Stofnunin skyldi svör Landsnets við athugasemdum við tillögu að matsáætlun á þann hátt að umfjöllun í frummatsskýrslu um umhverfisáhrif jarðstrengs í samanburði við loftlínu yrði mun ítarlegri en almennur samanburður og að jarðstrengur yrði tekinn til mats sem valkostur. Þá er í athugasemdum réttilega bent á að svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum séu hluti af matsáætlun. Í svörum Landsnets við umsögn Umhverfisstofnunar hafi eftirfarandi komið fram: „*Framkvæmdaraðili tekur undir framangreint og mun fjalla um í frummatsskýrslu þá þætti sem snúa að lagningu 220 kV jarðstrengs í því landslagi sem er á leið Blöndulínu 3*“. Í ákvörðun um tillögu að matsáætlun undirstrikaði Skipulagsstofnun nauðsyn á samanburði á umhverfisáhrifum loftlínu og jarðstrengs í mati á umhverfisáhrifum á hina mismunandi umhverfisþætti og að birt yrði niðurstaða þess mats í frummatsskýrslu. Eins og kom síðan fram í frummatsskýrslu og matsskýrslu þá lítur Landsnet svo á að um misskilning hafi verið að ræða á milli framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar sem rekja megi til ónákvæms orðalags í svörum við athugasemdum. Stofnunin er ennþá þeirrar skoðunar að svör Landsnets hafi bent sterklega til þess að umfjöllun yrði mun ítarlegri en almennur samanburður um umhverfisáhrif jarðstrengs og loftlínu á línuleið Blöndulínu 3. Skipulagsstofnun telur að það sé mjög óheppilegt að Landsnet vilji líta svo á að um misskilning sé að ræða, einkum um svo mikilvægt atriði.

Í athugasemdum margra aðila við frummatsskýrslu var farið fram á að Skipulagsstofnun nýtti heimild í 4. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum til þess að leita sérfræðialits á þeim þáttum sem veigamestir væru, m.a. um samanburð á umhverfisáhrifum þess að leggja jarðstreng og loftlínu, að hluta eða alla leið frá Blöndustöð til Akureyrar. Áður en Skipulagsstofnun tók ákvörðun um hvort leita bæri sérfræðialits á þessu atriði þá taldi stofnunin rétt að kanna hvort Landsnet gæti gert nánari grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum slíks strengs, heldur en kom fram í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur ljóst að stofnunin getur ekki knúið fyrirtækið til að leggja fram slíkan valkost í mat á umhverfisáhrifum, en taldi í ljósi þeirra miklu umræðu og athugasemda hvað varðar þennan þátt þá hafi verið ástæða til að skoða hvort umfjöllun um umhverfisáhrif jarðstrengs í stað Blöndulínu 3 (loftlínu) í matsskýrslu gæti ekki verið sértækari en hún hafi verið í frummatsskýrslu, þ.e. ekki einvörðungu á þeim almennu nótum sem þar séu að finna. Í því sambandi óskaði Skipulagsstofnun eftir að gerð yrði gróflega grein fyrir hugsanlegri staðsetningu jarðstrengs og áhrifum sem hann hefði á helstu umhverfisþætti. Í matsskýrslunni er umfjöllunin heldur sértækari en í frummatsskýrslunni. Eftir sem áður er jarðstrengur þó ekki lagður fram sem kostur til mats á umhverfisáhrifum. Í matsskýrslu kemur m.a. fram að Landsnet telji að ef lagður yrði jarðstrengur frá Blöndustöð til Akureyrar væri það framkvæmd af allt öðrum toga en lagning loftlínu, m.a. yrði jarðstrengur ekki lagður sömu

leið og fyrirhuguð loftlína. Skipulagsstofnun telur því ljóst að á þessari stundu sé óvíst bæði á hvaða köflum og hvar, jarðstengur á milli Blöndustöðvar og Akureyrar yrði lagður, kæmi til þeirrar framkvæmdar.

Þar sem staðsetning framkvæmdar skiptir miklu máli við mat á umhverfisáhrifum telur Skipulagsstofnun sig ekki geta lagt það í hendur utanaðkomandi sérfræðings að gera samanburð annars vegar á nokkuð nákvæmlega staðsettri loftlínu og hinsvegar jarðstreng sem óvíst er hvar myndi liggja. Allar líkur eru á að slíkur samanburður yrði ómarkviss, háður mikilli óvissu og myndi því ekki gefa raunhæfa mynd af því hver yrði í raun og veru munur á umhverfisáhrifum loftlínu og jarðstrengs í þessu tiltekna máli.

Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun ekki vera forsendur til að óska eftir sérfræðialiti um samanburð á umhverfisáhrifum jarðstrengs og loftlínu frá Blöndustöð til Akureyrar.

Varðandi þá vinnu sem er á vegum opinberrar nefndar sem skal móta stefnu um lagningu raflína í jörð þá telur Skipulagsstofnun eðlilegt að beðið verði eftir niðurstöðum nefndarinnar áður en komi að veitingum framkvæmdaleyfa fyrir Blöndulínu 3.

Skipulagsstofnun vill að öðru leyti benda á umfjöllun um samanburð á umhverfisáhrifum loftlínu og jarðstrengs á mismunandi umhverfisþætti í kafla 3.3.4 í matsskýrslu og umfjöllun í kafla 3.3.5 í sömu skýrslu um lagningu jarðstrengs á hluta leiðarinnar.

## **7 SAMEIGINLEGT MAT OG UMHVERFISMAT KERFISÁÆTLUNAR LANDSNETS**

Í þremur athugasemdum við frummatsskýrslu var farið fram á það að Skipulagsstofnun tæki ákvörðun um að fram færi sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum, skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fyrirætla Landsnets hf. um styrkingu byggðalínunnar/meginflutningskerfisins skv. kerfisáætlun fyrirtækisins.

Þann 14. júní 2012 brást Skipulagsstofnun við þessu með bréfi til Landsnets, þar sem kom fram að Skipulagsstofnun teldi að í umræddu máli væru ekki lagalegar forsendur til að taka slíka ákvörðun það er að eftirfarandi þrjú skilyrði væru uppfyllt, sem væru forsenda fyrir beitingu ákvæðisins: 1. Að um sé að ræða fleiri en eina fyrirhugaða matsskylda framkvæmd. 2. Að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir séu á sama svæði eða framkvæmdirnar háðar hver annarri. 3. Að Skipulagsstofnun hafi haft samráð við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur. Einn þeirra aðila sem sendu inn athugasemdir við umrætt atriði kærði framangreinda niðurstöðu Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál, sem hefur málið nú til umfjöllunar.

Í einni athugasemd við frummatsskýrsluna er þess m.a. farið á leit við Skipulagsstofnun að tekin verði til umhverfismats kerfisáætlun Landsnets samkvæmt 5. tl. 2. mgr. laga nr. 65/2003 um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun bendir í þessu sambandi á að til þess að áætlun falli undir gildissvið 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þarf hún að uppfylla þrjú skilyrði; í fyrsta lagi að marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem skilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, í öðru lagi að vera undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum og í þriðja lagi að vera unnin samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Þann 13. nóvember 2012 tók Skipulagsstofnun ákvörðun í málinu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Það var niðurstaða stofnunarinnar að kerfisáætlun Landnets hf. uppfyllti ekki skilyrði 1. mgr. 3. gr. laganna sem fela í sér að áætlanirnar skuli vera undirbúna og samþykktar af stjórnvaldi eða marka stefnu um leyfi til

framkvæmda. Athugasemjendur kærðu ofangreinda ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem hefur málið nú til umfjöllunar.

## 8 VÆGI ÁHRIFA

Landvernd, Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir gerðu athugasemd við að frummatsskýrslan fylgi ekki eftir þeim vægishugtökum sem leiðbeiningar Skipulagsstofnunar geri ráð fyrir, heldur séu búnir til nýjir flokkar: „nokkuð jákvæð“ áhrif og „nokkuð neikvæð“ áhrif þar sem skýringum úr grunnflokkunum fimm í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er blandað saman. Engan rökstuðning sé að finna í frummatsskýrslunni um frávík frá flokkum eins og þeir séu settir fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.

Í svari Landsnets kemur fram að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hafa skýrsluhöfundar notast við hugtakið „nokkuð“ frá árinu 2006. Ástæðan er sú að bilið á milli „óverulegra“ áhrifa og „talsverðra“ áhrifa er of breitt að mati skýrsluhöfunda. Því var ákveðið að bæta við hugtakinu „nokkuð“ þar á milli og hafi ákvörðun þess efnis verið tekin í samráði við Skipulagsstofnun.

**Skipulagsstofnun** bendir á að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005, um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa er að finna tillögur að hugtökum um vægi áhrifa sem styðjast má við, við mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun vinnur nú að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkunn sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð, sem væri þá millstig á milli talsvert neikvæðra og óverulegra áhrifa á svipaðan hátt og framkvæmdaraðili gerir í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3. Nokkuð neikvæð áhrif ætti yfirleitt við um staðbundin áhrif sem næðu ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin gætu verið varanleg og óafturkræf. Skipulagsstofnun kys því að nota hér í álitinu sínu sömu hugtök og framkvæmdaraðili notar í matsskýrslu.

## 9 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

### 9.1 SJÓNÆN ÁHRIF OG ÁHRIF Á LANDSLAG OG NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Í matsskýrslu kemur fram að mat á vægi sjónrænna áhrifa byggist fyrst og fremst á því hvaðan sjáist til háspennulínanna og hvernig þær komi til með að líta út. Gert sé ráð í fyrir að ef línan sjáist innan 5 km beltis frá tilteknum stað eða svæði verði vægiseinkunnin neikvæð. Þannig sé gert ráð fyrir nokkuð neikvæðum sjónrænum áhrifum innan 2-5 km beltis frá ákveðnum stað, talsvert neikvæðum innan 1-2 km beltis og verulega neikvæðum innan 1 km beltis.

Fram kemur í matsskýrslunni að landslag framkvæmdasvæðisins hafi verið flokkað í landslagsheildir út frá jarðfræði, gróðurfari, vatnafari, landnotkun og landformum en alls hafi verið afmarkaðar 29 landslagsheildir á umræddu svæði. Gildi hvernar heildar hafi síðan verið fengið með því að leggja mat á hvort að innan viðkomandi landslagsheildar sé stunduð útivist, hvort að verndarsvæði sé innan heildarinnar og hvort að þjóðvegur 1 lægi innan hennar. Fram kemur að ef útivist sé stunduð innan landslagsheildar hækki það gildi hennar sama gildi um verndarsvæði en tilvist og nálægð við þjóðveg 1 sé almennt talin draga úr gildi landslags.

Fram kemur að til grundvallar mati á áhrifum á landslag hafi einkum verið horft til gildis viðkomandi heildar og til þess hvort háspennulínan myndi liggja um landslagsheildina. Á heildina lituð sé það niðurstaða Landsnets að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslag verði nokkuð neikvæð. Þessi niðurstaða sé óháð því hvort að farin verði Efribyggðarleið eða Héraðsvatnaleið í Skagafirði. Talið sé að áhrifin verði hvað mest í Kræklingahlíð, talsvert

neikvæð í ljósi breyttrar ásýndar og einkenna svæðisins. Eina náttúruverndarsvæðið sem línan muni fara inn á sé hálendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, en það er á náttúruminjasrá. Önnur verndarsvæði innan landslagsheilda s.s. Hraun í Öxnadal, Hraunsvatn og Vatnsdalur, Krossanesborgir í Eyjafirði og Kotagil og Skeljungssteinn í Norðurárdal séu í eins til þriggja km fjarlægð frá línustæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það mat að lagning Blöndulínu 3 muni ekki skerða náttúruverndargildi hálendisins á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, þar sem línan sé í jaðri svæðisins og muni ekki raska fjallendi eða skerða ásýnd svæðisins. Í ljósi þess hversu áberandi mannvirki af þessu tagi séu og með tilliti til þess rasks sem lagning línunnar valdi, beri að leggja áherslu á að staðsetja háspennulínur ef þess er nokkur kostur á mannvirkjabeltum sem fyrir séu í stað þess að taka ný óröskuð eða óbyggð svæði undir mannvirki af þessu tagi. Leggja eigi Blöndulínu 3 samkvæmt Héraðsvatnaleið, þá verði hún nærri núverandi mannvirkjabelti þar sem fyrir séu Hringvegur 1 og Rangárvallalína 1 auk þess sem að við Héraðsvötn muni línan standa eins lágt í landi og kostur sé.

Í svörum sínum tekur Landsnet undir með Umhverfisstofnun um að nýta eigi núverandi mannvirkjabelti til staðsetningar háspennulína eftir því sem frekast sé unnt. Vegna breyttra forsendna geti þó í mörgum tilvikum verið gild rök fyrir því að velja aðra leið fyrir nýja línu Loftlínur séu að verulegu leyti afturkræfar framkvæmdir og Blöndulína 3 sé að verulegu leyti fyrirhuguð meðfram núverandi háspennulínunum og/eða vegum af ýmsum gerðum.

Í umsögn Húnavatnshrepps kemur fram það álit að lega Blöndulína 3 um Blöndudal og Svartárdal hafi óhjákvæmilega þau áhrif að skaða verulega sjónrænt gildi svæðisins þar sem um sé að ræða umfangsmikil mannvirki sem hafi neikvæð og varanleg umhverfisáhrif.

Í svörum Landsnets er bent á að þar sem línan þverar dalina sé gert ráð fyrir nokkuð neikvæðum til talsvert neikvæðum áhrifum.

Í umsögn Hörgársveitar kemur fram að sveitarfélagið áskilji sér rétt til að hafa áhrif á gerð línumastra á línuleiðinni. Auk þess krefjist sveitarfélagið fleiri mótvægisáðgerða gegn talsvert neikvæðum ásýndaráhrifum línunnar í Kræklingahlíð, s.s. að Dalvíkurlína 1 verði lögð í jörð á því svæði. Í athugasemd Landverndar er einnig bent á þessa mótvægisáðgerð og þá leið að nota möstur sem minna beri á.

Í svari Landsnets kemur fram að fyrirtækið sé reiðubúið til viðræðna við sveitarstjórn Hörgársveitar um aðrar mastragerðir sem mótvægisáðgerð en lagning Dalvíkurlínu í jörð teljist að mati Landsnets ekki vera valkostur.

Í umsögn Akrahrepps er lýst yfir áhyggjum af því að fara með svo umfangsmikla háspennulínu um land jarðarinnar Stokkhólma sem muni nánast eyðileggja jörðina en jörðin sé í dag perla í hjarta héraðsins. Sjónræn áhrif af línunni verði einnig afar neikvæð, bæði fyrir Stokkhólma og allt miðhéraðið.

Í svörum Landsnets kemur fram að Landsnet sé reiðubúið að skoða mögulegar mótvægisáðgerðir sem tengist núverandi Rangárvallalínu 1 við Stokkhólma ef Héraðsvatnaleið verði valin m.a. að færa Rangárvallalínu ef það er mögulegt eða að setja hana í jörð á þessum kafla.

Einar Ólafsson o.fl. og Elín H. Sigurjónsdóttir og Jón Magnússon benda á í athugasemdum sínum að línulagning um eða meðfram Héraðsvötnum hljóti að hafa verulega neikvæð áhrif fyrir marga sem um svæðið fari. Það sé algjörlega óviðunandi hvað lítið sé gert úr þeim neikvæðu áhrifum sem línulagningin hafi, séð frá bæjunum Stokkhólma, Laugardal og Héraðsdal og mögulega frá öðrum bæjum sem liggja lágt. Bent er á að austan við Stokkhólmabæinn sé núverandi Rangárvallalína og ef sú lína eigi að standa til framtíðar verði

háspennulínur austan, norðan og vestan bæjarins. Sjónmengun af línulögn vestan bæjarins, á landamörkum Vindheima og Stokkhólma sé því grófleg.

Landsnet bendir á að það komi fram í frummatsskýrslu að gera megi ráð fyrir verulega neikvæðum áhrifum við Laugardal, Héraðsdal og Stokkhólma vegna nálægðar við línuna, en verulega neikvæð áhrif séu hæsta stig neikvæðra áhrifa.

Í athugasemdum nokkurra aðila kemur fram að almennt skorti umfjöllun um mótvægisáðgerðir vegna sjónrænna áhrifa af línunni sem gætu m.a. falið í sér annars konar möstur til að draga úr sýnileika. Bent sé á að sýnileiki mastra fyrirhugaðra Suðvesturlína sé minni samkvæmt matsskýrslu um þá framkvæmd. Þá hafi einnig verið eðlilegt að gera samanburð á mismunandi mastragerðum m.t.t. sjónrænna áhrifa og yfirborðsrasks í ljósi þess að Landsnet hafi kynnt á opinberum vettvangi nýjungar í mastragerð, sem talið sé að hafi minni sjónræn áhrif en eldri gerðir.

Landsnet svarar því til að við val á línustæði og staursetningu hafi verið lögð mikil áhersla á að fyrirhuguð mannvirki falli sem best að landslagi og reynt hafi verið að láta möstur bera í land frá fjölförnustu stöðum. Stöguð grindarmöstur eins og fyrirhugað sé að nota við lagningu Blöndulínu 3 hafi lengi verið í þróun og séu orðin mjög efnislítill miðað við burðargetu. Með tilliti til sýnileika hafi þessi möstur þann kost að þar sem grindin sé ekki samfelld sjáist í gegnum hana og litirnir í landinu á bak við möstrin komi því fram. Fram kemur að með þróun nýrra mastragerða sé markmiðið að hanna möstur sem gætu fallið betur að landi á ákveðnum stöðum heldur en hefðbundin grindarmöstur geri og ná þannig meiri samsvörun við nærumhverfið. Fram kemur að mastragerðir Suðvesturlína séu bæði stöguð grindarmöstur og stöguð röramöstur og sé ekki hægt að fullyrða að sýnileiki stagaðra röramastra sé minni en grindarmastra (enda komi það ekki fram í matsskýrslu SV-lína) en sýnileikinn sé annar. Stöguð röramöstur hafi ekki sama styrk og grindarmöstur og þyrfti því væntanlega að vera styttra á milli mastra og möstrin þar með fleiri. Benda megi á að unnið sé að þróun nýrra mastragerða en að öðru leyti er vísað til ofangreinds svars við umsögn Hörgársveitar.

Í nokkrum athugasemdum er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum sé miðað á kortum í myndahefti og hvað ráði hæð þeirra. Þá er spurt hvaða áhrif hæð mastra hafi á sýnileika þeirra og hvar hæstu möstrin verði.

Í svörum Landsnets kemur fram að hæðarbil mastra verði á bilinu 14-30 m, meðalhæð sé 23 m en á örfáum stöðum verði möstur um 30 m. Hærrí möstur sjáist betur en lægri möstur en þó sé það háð landi, bakgrunni, sjónarhorni og því hvort þau beri við himin. Á kortunum í myndaheftinu sé notuð raunveruleg hæð mastranna miðað við frumstaursetningu.

Í athugasemdum stjórnar Hrauns í Öxnadal menningarfélags kemur fram það álit að fyrirhuguð loftlína verði mjög áberandi í landslagi Öxnadals og hafi mikil sjónræn áhrif. Þrátt fyrir að línán liggi ekki um land Hrauns verði hún mjög sýnileg þaðan, einkum sá hluti hennar sem liggi um land Hóla. Hún muni þverskera, óprýða og skemma lítt snortið svæði og verða áberandi göngumönnum sem ferðist um fólkvanginn sem nái yfir meginhluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal.

Í svörum Landsnets kemur fram að það sé rétt að fyrirhuguð lína muni sjást frá Hrauni en hún muni liggja samhliða núverandi byggðalínu og nálægt þjóðvegi 1 og sé svæðið því nú þegar raskað. Varðandi landslagsheildina Hraunsvatn, sem fólkvangurinn er innan, þá verði Blöndulína 3 sjáanleg á aðeins um 25% af flatarmáli heildarinnar og verði línán í meira en 2 km fjarlægð frá henni.

Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir telja í athugasemd sinni að landslagsheildin Hraunsvatn, eins og hún sé skilgreind og afmörkuð í frummatsskýrslu, nái ekki til nægilega stórs svæðis og eigi að taka til eins stærsta berghlaups Íslands (Hólahóla) sem þveri Öxnadal og hafi hátt

verndargildi þar sem svæðið sé á náttúruminjaskrá. Hólahólar ættu því með réttu að vera hluti af Hraunsvatni í skilgreiningu á landslagsheildum. Þá er bent á að engin haldbær rök séu færð fram fyrir því að taka Þjóðveg 1 sérstaklega inn í gildismat landslagsheilda, þ.e. að tilvist og nálægð við Þjóðvegi sé almennt talin draga úr gildi landslags eins og komi fram í skýrslunni. Fram kemur í athugasemdunum að frumforsendur Landsnets hf. að því er varðar afmörkun landslagsheilda sé röng. Þá er bent á að umhverfisáhrif 150 km af fyrirhuguðum slóðum á ásynd hafi ekki verið metin en sjónræn áhrif þeirra myndu þó vera veruleg og til langs tíma.

Í svörum Landsnets kemur fram að varðandi landslagsheildina Hraunsvatn þá sé talið að þar sé um sérstaka heild að ræða þar sem landform greini hana frá landslagsheildunum Öxnadal og Gloppu. Mörk landslagsheildarinnar samræmist að miklu leyti þeim mörkum sem dregin hafi verið þegar Hraun í Öxnadal hafi verið friðlýst og gert að fólkvangi. Mörk fólkvangsins séu dregin mjög nákvæmlega og ljóst að þegar mörk fólkvangsins hafi verið ákveðin hafi verið tekið mið af hinum sérstæðu jarðmyndunum sem nái aðeins yfir landslagsheildina Hraunsvatn en þveri ekki Öxnadal alla leið að Hólafjalli eins og komi fram í athugasemdum. Varðandi athugasemd um að taka mið af tilvist Þjóðveg 1 við mat á gildi landslagsheilda bendir Landsnet á að með því að taka mið af legu Þjóðveg 1 við gildismatið sé landslagsheildum sem séu fjarri umferð gefið hærra gildi. Fram kemur í svörunum að þótt fyrirhugað efnismagn í nýjar og endurgerðar slóðir sé töluvert þá sé ljóst að slóðagerð verði haldið í algjöru lágmarki og gerðar eins efnislitlar slóðir og unnt sé. Að framkvæmdatíma loknum verði síðan gengið frá svæðinu og raskaðir hlutar þess græddir upp. Sjónræn áhrif slóðagerðar verði því í heildina séð í lágmarki.

Nokkrir aðilar gera athugasemd við að línar beri við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem sé eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Landsnet svarar því til að ef línar verði lögð samkvæmt Efribýggðarleið sé þetta staðreyndin, en bendir á að almennt sé talið betra að línur beri í land en við himin m.t.t. sýnileika þeirra.

Í athugasemdum frá B. Pálsson kemur fram að myndir í frummatsskýrslu sýni ekki með nægjanlega glöggum hætti þá ásyndarbreytingu sem verði frá Héraðsdal með tilkomu Blöndulínu 3.

Í svörum Landsnets kemur fram að með líkanmyndum sé kannað hvernig fyrirhugaðar háspennulínur komi til með að sjást frá ýmsum stöðum á línuleiðunum miðað við núverandi tillögu að staursetningu. Á myndunum sé fyrirhuguð háspennulína tekin beint frá hönnuði með möstrum, leiðurum og stögum ásamt hæðargögnum. Þessum tveimur sjónarhornum sé svo blandað saman, þ.e.a.s. ljósmyndinni og sama sjónarhorni úr hugbúnaði. Til verði líkanmynd sem sýni stærðarhlutföll og legu fyrirhugaðrar háspennulínu á viðkomandi ljósmynd og myndir frá Héraðsdal miðist við þessa aðferðafræði.

Landvernd gerir athugasemd við ljósmyndir í myndahefti þar sem Blöndulína 3 hafi verið teiknuð inn á. Af myndunum að ráða virðist sem þær séu teknar með of lítilli linsu og gefi því ekki nægilega raunsæja mynd.

Landsnet svarar því til að flestar ljósmyndir í myndahefti séu teknar á stafræna myndavél með 18 mm linsu. Á hverjum myndatökustað sé skráð staðsetning og þær upplýsingar settar inn í hugbúnað sem endurskapi sama sjónarhorn og sömu stærðarhlutföll og sjáist á viðkomandi ljósmynd í þrívídd. Inn í hugbúnaðinn sé svo sett nákvæmt hæðarlíkan ásamt fyrirhuguðum möstrum. Þannig sé það tryggt að sömu stærðarhlutföll séu á milli ljósmynda og tölvumynda áður en þeim sé blandað saman.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að að ein helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Í matsskýrslu er áhrifasvæði Blöndulínu 3 skipt upp í landslagsheildir og lagt mat á gildi heildanna með hliðsjón af ákveðnum viðmiðunum og

síðan lagt mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á viðkomandi landslagsheildir. Mat á vægi sjónrænna áhrifa línunnar byggist síðan á því hvaðan til hennar sést og hvernig hún komi til með að líta út.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við þá aðferðarfræði sem notuð er við mat á áhrifum Blöndulínu 3 á landslag og sjónræn áhrif hennar. Stofnunin telur hins vegar ljóst að það geti verið umdeilanlegt hvernig eigi að afmarka landslagsheildir og hvaða forsendur eigi að leggja til grundvallar mati á gildi þeirra og síðan hver verði áhrif framkvæmdanna á landslag. Einnig er umdeilanlegt hvernig eigi að setja fram mat á sýnileika línunnar og sjónrænum áhrifum hennar og hvort að færsla hennar inn á ljósmyndir gefi raunsanna mynd af þeim áhrifum sem línán komi til með að hafa, séð frá ákveðnum fyrirfram völdum sjónarhornum. Ennfremur getur verið erfitt að sýna og leggja mat á sjónræn áhrif vegslóða og hver verði áhrif þeirra á landslag.

Skipulagsstofnun getur tekið undir það sem fram kemur í matsskýrslu að sjónræn áhrif Blöndulínu 3 verði mismunandi eftir landsvæðum. Þá tekur stofnunin undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að leggja eigi áherslu á að staðsetja háspennulínur á mannvirkjabeltum sem fyrir eru í stað þess að fara um ný óróskuð eða óbyggð svæði. Hins vegar geta neikvæð sjónræn áhrif af háspennulínu meðfram fjölförnum vegum verið talsverð vegna þess fjölda vegfarenda sem hefur hana fyrir augum. Blöndulína 3 er fyrirhuguð á köflum um svæði sem bera ekki merki mannvirkja og síðan á löngum köflum samhliða núverandi háspennulínu og í grennd við Þjóðveg 1, bæði í byggð og um óbyggð svæði.

Skipulagsstofnun telur að þegar horft er til sýnileika línunnar þá muni verða um að ræða talsverð neikvæð áhrif í þéttbýlum sveitum Skagafjarðar og Hörgársveitar, eðli málsins samkvæmt mismikil eftir nálægð við bæi, vegi og útivistarsvæði. Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu í matsskýrslu um að þar sem línán verði sjáanleg innan 1 km beltis verði sjónrænu áhrifin verulega neikvæð og eftir aðstæðum úr mun meiri fjarlægð. Skipulagsstofnun gerir ekki upp á milli þess hvort að Blöndulína 3 verður lögð samkvæmt Efribygðarleið eða Héraðsvatnaleið m.t.t. umfangs sjónrænna áhrifa hennar. Ljóst er að í báðum tilfellum mun línán liggja í töluverðri nálægð við nokkra bæi og á Héraðsvatnaleið mun línán verða sýnileg frá fjölförnum Þjóðvegi og mun þannig hafa talsvert neikvæð sjónræn áhrif á vegfarendur sem um veginn fara. Þá bendir Skipulagsstofnun á að þó að það sé jákvætt með tilliti til áhrifa á landslag að leggja línuna meðfram núverandi línunni, í stað þessi að leggja hana um ný svæði þá kemur umfang raforkulína og mastra til með að aukast miðað við núverandi aðstæður. Um verður að ræða samlegðaráhrif núverandi og fyrirhugaðrar línu og eðli málsins samkvæmt þá verða áhrif á landslag og sjónræn áhrif neikvæðari heldur en áhrif af stakri línu. Hins vegar er líka ljóst að fyrirhuguð 220 kV lína er að öllu leyti mun umfangsmeira mannvirki heldur en núverandi 132 kV lína.

Í þeim tilfellum sem línán mun liggja um óbyggð svæði og fjarri mannvirkjum verður, að mati Skipulagsstofnunar, um nokkuð neikvæð áhrif á landslag að ræða þar sem línán mun ekki liggja um svæði sem njóta verndar en þau kunna hins vegar að hafa gildi til útivistar sbr. umfjöllun í kafla 9.2 í þessu álit.

Fyrir liggur að leggja þarf vegslóðir vegna byggingar línunnar eða lagfæra slóðir sem fyrir eru og er gert ráð fyrir að nýlagning slóða verði alls rúmlega 100 km en endurbættar um 50 km. Einnig liggur fyrir að endanleg staðsetning slóða hefur ekki verið ákveðin. Sú staðreynd gerir mat á áhrifum slóðalagningar á landslag og sjónrænum áhrifum þeirra erfiðara en ella en ljóst er að miðað við áætlað efnismagn og umfang þeirra verði áhrifin talsvert neikvæð þegar á heildina er litið. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að við endanlega staðsetningu mastra verði einnig tekið tillit til hvernig leggja þarf slóð að mastri með sem minnstum neikvæðum áhrifum. Einnig verði lagning slóðar að einstökum möstrum vel undirbúin m.t.t. lágmarkunar



neikvæða áhrifa. Skipulagsstofnun bendir á nánari umfjöllun um slóðagerð í kafla 2.1 í þessu álitu þar sem m.a. kemur fram það álit stofnunarinnar að verði breytingar á legu, staðsetningu og umfangi vegslóða frá því sem gert er ráð fyrir í matsskýrslu kann að þurfa að fjalla um breytingarnar skv. tl. 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að öðru leyti unnt að draga úr neikvæðum áhrifum slóðagerðar með þeim aðgerðum sem raktar eru í kafla 2.1 þessu álitu.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að þegar lagt er mat á þau áhrif sem fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa í heild sinni m.t.t. sjónrænna þátta og landslags verði áhrif þeirra óhjákvæmilega talsvert neikvæð. Þessa niðurstöðu byggir stofnunin á stærð og eðli áhrifasvæðis sem framkvæmdirnar taka til, bæði þess svæðis sem verður fyrir beinu raski sem og svæðis þaðan sem línan kemur til með að sjást frá. Línan mun liggja um margbreytilegt landslag, um óbyggð svæði sem þéttbýlar sveitir og verða á löngum köflum sýnilegar frá fjölförnum þjóðvegi. Niðurstaðan byggir ennfremur á umfangi framkvæmdanna sjálfra, m.a. þeirrar staðreyndar að fyrirhugað er að leggja loftlínu ríflega 100 km leið, reisa allt að 340, rúmlega 23 m há möstur með rúmlega 300 m millibili, slétta um 120 m<sup>2</sup> svæði við hvert mastur og leggja eða lagfæra um 150 km af vegslóðum. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Landsnet skoði gaumgæfilega, í samráði við viðkomandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila, val á mastragerðum m.t.t. þess að draga sem mest úr sýnileika þeirra eins og fyrirtækið hefur gefið fyrirheit um í svörum sínum í matsskýrslu. Stofnunin vill einnig benda á í því sambandi að í kafla 2 í þessu álitu og í matsskýrslu kemur fram að taka þurfi niður og færa núverandi línu á nokkrum stöðum og í svörum við umsögn Akrahrepps er gert ráð fyrir því að það sé möguleg mótvægisáðgerð að setja núverandi línu í jörð á kafla í grennd við bæinn Stokkhólma. Skipulagsstofnun telur því eðlilegt að áður en framkvæmdaleyfi verða veitt í einstökum sveitarfélögum verði farið ítarlega yfir allar mótvægisáðgerðir; þar á meðal þann kost að setja núverandi háspennulínu í jörð á tilteknum köflum leiðarinnar.

Varðandi sjónræn áhrif efnistöku og áhrif hennar á landslag vísar Skipulagsstofnun til umfjöllunar um efnistökusvæði í kafla 2.2 í þessu álitu.

## 9.2 ÁHRIF Á ÚTIVIST OG FERÐAÞJÓNUSTU

Í matsskýrslu kemur fram að útivist á megináhrifasvæði Blöndulínu 3 sé einkum stunduð af fótgangandi, á hestum, á jeppum, vélsleðum og skíðum. veiðar, bæði skot- og stangveiðar, séu einnig vinsælar. Ferðaþjónustan geri út á sömu iðju og útivistarunnendur, auk flúðasiglinga. Þar fyrir utan nýti hún sér vaxandi söguáhuga fólks og þörf fyrir ýmsa stoðþjónustu. Fram kemur að ef litið sé á tölulegar staðreyndir komi í ljós að á Norðurlandi vestra gangi illa að halda í ferðamenn á svæðinu og nýting gistirýmis sé léleg í landshlutanum, sérlega utan háannatíma og mun lélegri en á austurhluta Norðurlands. Umferð ferðamanna sé hins vegar mikil um svæðið, en svo virðist sem að þar sé að mestu um að ræða akstur á leiðinni til eða frá Akureyri. Fram kemur að í sveitarfélögunum fimm á áhrifasvæði Blöndulínu 3 sé unnið á margvíslegan hátt að því að fá ferðamenn til að staldra lengur við innan sveitarfélaganna.

Fram kemur að rannsókn á vegum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála hafi farið fram á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 árið 2009. Rannsóknin hafi haft m.a. það markmið að greina hvaða ferðaþjónusta væri rekin og útivist stunduð innan marka sveitarfélaganna fimm. Jafnframt var markmið rannsóknarinnar að kanna framtíðarsýn og áætlanir hagsmunaaðila sem og að opinbera stefnu ýmissa aðila í ferðaþjónustu og útivist svo sem sveitarstjórna, ferðaþjónustuaðila, áhugamannafélaga í útivist og útivistarunnenda innan sveitarfélaganna. Þá hafi jafnframt falist í rannsókninni að kanna hvernig helstu hagsmunaaðilar ferðaþjónustu og

útivistar í sveitarfélögunum meti möguleg áhrif fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 á sína starfsemi/útivist og á svæðið sem áfangastað ferðamanna og útivistarsvæði.

Fram kemur í matsskýrslu að í rannsókninni hafi komið fram mjög misjafnar skoðanir á fyrirhugaðri framkvæmd. Þó megi draga þá ályktun að Blöndulína 3 muni koma til með að hafa neikvæð áhrif almennt séð á ferðaþjónustu og útivist, sérstaklega á og við línustæðið og á þeim stöðum þaðan sem línan muni sjást. Sumir hagsmunaaðilar telja að línan geti staðið við Þjóðveg 1, að ferðamenn séu vanir möstrum og það svæði þoli helst meiri uppbyggingu og um leið verði óbyggðunum hlíft sem sé mikilvægara. Aðrir, einkum hagsmunaaðilar á megináhrifasvæðinu, telji að svo stór lína sem verði sjáanleg frá Þjóðvegi 1 vinni gegn kjarnaímyndinni og benda á að allir ferðamenn þurfi að keyra um Þjóðvegina og margir fari hringveginn. Þessir aðilar telja að það skipti litlu máli hvar ný háspennulína verði staðsett því hún hafi alltaf skemmandi áhrif á svæðið sem áfangastað fyrir ferðamennsku. Fram kemur að áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu á ferðamennsku og útivist verði fyrst og fremst sjónræn því hún breyti upplifun og útsýni þaðan sem hún sjáist og dragi úr aðráttarafli staða og tilfinningu fyrir óspilltri náttúru.

Fram kemur að þegar helstu niðurstöður framangreindrar rannsóknar séu teknar saman sé ljóst að margir viðmælendur telji að bygging háspennulínunnar eigi eftir að breyta ásýnd og upplifun af svæðinu sem muni hafa talsvert neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist við og í grennd við, fyrirhugaða línu og jafnvel víðar.

Í matsskýrslu kemur fram að þegar framkvæmdaraðili leggi mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á útivist og ferðaþjónustu séu notaðar eftirfarandi vægiseinkunnir: Nokkuð neikvæð áhrif séu talin verða þegar ferðamenn sjái fyrirhugaða línu, keyri undir eða séu tímabundið nærri línunni. Talsvert neikvæð áhrif verði þegar ferðamenn dvelji hluta af ferðaleiðum meðfram eða undir línunni en séu fjarri henni að öðru leyti og um verulega neikvæð áhrif sé að ræða þegar ferðamenn og útivistarfolk dvelji löngum stundum nærri línu eða ferðist ítrekað undir línu. Fram kemur að á framkvæmdatíma sé hætta á tímabundnum, nokkuð neikvæðum áhrifum vegna hávaða og umferðar þungaflutningabíla og vinnuvéla en þegar línan hafi verið reist verði áhrif hennar mismikil eftir svæðum, en það sé mat framkvæmdaraðila að heildaráhrif fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu og útivist verði talsvert neikvæð.

Í athugasemdum nokkurra aðila er bent á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist. Í frummatsskýrslu komi fram að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð sé á áhrifasvæðinu á meðan niðurstöður sérfræðiskýrslunnar séu á þá leið að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustu og útivist á áhrifasvæði línunnar.

Landsnet bendir á í svörum sínum að þessi niðurstaða um framtíðarmöguleika ferðaþjónustu á svæðinu sé fengin með hliðsjón af viðhorfum hinna ýmsu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og útivist sem tíunduð séu í sérfræðiskýrslunni. Þar komi fram að þrátt fyrir að áhrifin séu neikvæð muni ferðamenn halda áfram að koma þó svo að upplifunin verði önnur og verri. Þá er bent á að tilvísun í sérfræðiskýrslu um að línan muni grafa undan ferðaþjónustunni endurspegli ekki endilega viðhorf allra aðila. Fyrst og fremst sé um að ræða aðila sem stundi útivist eða reki ferðaþjónustu á svæðinu sem línunni sé ætlað að liggja um, hafi reynslu af neikvæðum viðbrögðum ferðamanna af háspennulínum eða óttist rafsegulmengun.

Gunnþóra Ólafsdóttir, sem vann umrædda sérfræðiskýrslu fyrir Landsnet um áhrif Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu og útivist, gerir athugasemdir við að í frummatsskýrslu sé mjög mikilvægum upplýsingum sleppt. Ekki sé greint frá þeirri mikilvægu staðreynd að ferða- og útivistarfolk upplifi landið í gegnum ímyndina og ekki minnst á þá staðreynd að landslagið

sem Blöndulína 3 komi til með að liggja um beri ímynd um hina hreinu, fallegu og ósnortnu náttúru landsins og skapi svæðinu alveg ákveðið aðdráttarafl.

Í svörum Landsnets kemur fram að venjan sé sú að í mati á umhverfisáhrifum sé tekin samantekt úr viðkomandi rannsóknarskýrslu auk helstu niðurstaðna og hafi þessi háttur verið hafður á í tilfelli rannsóknar á áhrifum á ferðaþjónustu og útivistar vegna Blöndulínu 3. Bent er á að viðkomandi rannsóknarskýrsla fylgi með matsskýrslu sem viðauki. Fram kemur að Landsnet geti ekki tekið undir að það sé staðreynd að landslag það sem Blöndulína 3 muni liggja um beri ímynd um „ósnortna náttúru landsins“ og tekið skuli fram að einungis lítill hluti línunnar, þar sem hún liggja um Járnhrygg og á svæðinu austan Svartárdals, sé á óbyggðu svæði. Undir þetta sé m.a. tekið í umsögn Umhverfisstofnunar. Þannig sé mest öll línuleið Blöndulínu 3 við eða í jaðri byggðar og fylgi byggð, vegum eða öðrum línunum.

Gunnþóra gerir jafnframt athugasemdir við að í frummatsskýrslu sé gefin mjög rýr og röng mynd af því hvaða útivist og ferðaþjónusta fari fram í sveitarfélögunum og hver sérstaða hennar sé í raun. Sleppt sé umfjöllun um m.a. reiðleiðir, söguslóðir, ferðir á Tröllaskagann, Eyvindarstaðaheiði, Auðkúluheiði og ferðir Íshesta um Kjöl og margt fleira.

Landsnet svarar því til að í sérfræðiskýrslu séu ítarlegar og góðar upplýsingar um ferðaþjónustu og útivist á Norðurlandi vestra en í matsskýrslu sé lögð áhersla á umfjöllun um þá ferðaþjónustu sem sé rekin og útivist sem sé stunduð í og við megináhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki sé talið að ástæða sé til að fjalla ítarlega í skýrslunni um ferðaleiðir og áfangastaði ferðamanna fjarri megináhrifasvæði Blöndulínu 3 en umfjöllun um þessi svæði sé hægt að nálgast í sérfræðiskýrslu.

Gunnþóra bendir á að með línulagningu sé verið að breyta gildi útivistar- og ferðaþjónustulandslagsins í sveitarfélögunum fimm með því að færa það úr hinu náttúrulega sveita- og óbyggðalandslagi yfir í uppbyggt iðnaðarlandslag. Eyðileggingin liggja í því að ferða- og útivistarfólk upplifi og setji Blöndulínu 3 í samhengi við iðnað og stóriðju. Þá gerir Gunnþóra athugasemdir við mat á áhrifum á mismunandi svæðum sem Blöndulína komi til með að liggja um m.a. telur hún að á Öxnadalshéiði og í Öxnadal sé það rangt mat að halda því fram að þar sem línan beri við land séu áhrifin minni. Á meðan hún sjáist hafi hún eyðileggjandi áhrif á upplifun ferðamanna og útivistarfólks, með því að koma í veg fyrir að fólk komist úr uppbyggingunni, og minni stöðugt á sig með tilvist sinni.

Landsnet er ekki sammála framkominni athugasemd um Öxnadalshéiði og Öxnadal og bendir á að á þessu svæði sé núverandi byggðalína afar áberandi á köflum og því ekki líklegt að ferða- og útivistarfólk, sem vilji vera fjarri mannlegri uppbyggingu, komi til með að halda sig á þessum slóðum. Tekið skuli fram að í matsskýrslu kemur skýrt fram að á þessari leið muni nálægð við fyrirhugaða línu vera hvað mest á leiðinni, séð frá þjóðvegi. Þótt línan beri iðulega í land þá geri nálægðin það að verkum að um verulega neikvæð áhrif verði að ræða á ferðaþjónustu og útivist á nokkrum köflum þessarar leiðar, s.s. um Öxnadalshéiði sem sé hæsta stig neikvæðrar vægiseinkunnar. Landsnet telur jafnframt það vera staðreynd að sýnileiki háspennulínu sé minni beri hún við land en ef línan stæði á berangri og bæri við himin.

Að lokum undirstrikar Gunnþóra, sem höfundur sérfræðiskýrslu um áhrif á ferðaþjónustu og útivist, að hún hafi aldrei samþykkt texta frummatsskýrslu sem snúi að þeim málefnum, eða annan texta skýrslunnar. Ekki hafi verið leitað til hennar um yfirlestur heldur til útgefanda skýrslunnar, Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Þá bendir Gunnþóra á að gert sé ráð fyrir að ef framkvæmdaraðili sé ekki sammála niðurstöðu rannsóknarskýrslu þá skuli gerð grein fyrir því og það rökstutt. Að mati hennar sé ljóst að frummatsskýrslan endurspegli ekki niðurstöður hennar á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu og útivist og ekki sé gerð grein fyrir hvaða ástæða liggja þar að baki.

Í svörum Landsnets er tekið fram að framkvæmdaraðili hafi fengið Edward Huijbens hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála til að taka að sér framangreinda rannsókn sem síðan hafi fengið Gunnþóru Ólafsdóttur til að skipuleggja rannsóknina og framkvæma. Edward hafi haft yfirumsjón með samskiptum við skýrsluhöfunda og hafi verið rýnir rannsóknarskýrslunnar sem útgefandi hennar. Landsnet hafi sent honum bæði grunnástands- og áhrifakafla til yfirlesturs og hafi hann komið með gagnlegar athugasemdir sem brugðist hafi verið við. Landsnet bendir á að í matsskýrslunni séu heildaráhrif á ferðþjónustu metin í næst hæsta flokki neikvæðra áhrifa, þ.e. talsvert neikvæð og sé sú niðurstaða í samræmi við heildarniðurstöðu rannsóknarskýrslunnar að mati Landsnets og hafi það einnig komið fram hjá ábyrgðaraðila rannsóknarskýrslunnar við yfirlestur áhrifakafla frummatsskýrslunnar. Ekki sé því tekið undir að niðurstaða matsskýrslu endurspegli ekki niðurstöður rannsóknarskýrslunnar en tekið sé undir að uppsetning matsskýrslu, m.a. þar sem umhverfisáhrif séu flokkuð eftir einkennum og vægi, sé með öðrum hætti en í rannsóknarskýrslunni.

**Skipulagsstofnun** telur að eðli málsins samkvæmt þurfi að skoða áhrif fyrirhugaðrar línulagningar á útivist og ferðþjónustu um leið og áhrif á landslag og sjónræn áhrif eru skoðuð, sbr. umfjöllun um þessa þætti í kafla 9.1 í þessu álitu, þó að ljóst sé að ekki eru allir, sem upplifa neikvæð sjónræn áhrif slíkra mannvirkja, að stunda útivist eða á vegum ferðþjónustuaðila.

Unnin hefur verið umfangsmikil og vönduð rannsókn á áhrifum Blöndulínu 3 á ferðþjónustu og útivist, m.a. rætt við hagsmunaaðila í ferðþjónustu og útivist á áhrifasvæði línunnar. Niðurstaða rannsóknarinnar er ótvírætt sú að lagning Blöndulínu 3 komi til með að hafa neikvæð áhrif á ferðþjónustu og útivist og kunnir að grafa undan eða rýra möguleika til útivistar eða reksturs ferðþjónustu á áhrifasvæði línunnar. Bent hefur verið á það í athugasemdum að það sé ósamræmi á milli niðurstaðna frummatsskýrslu og rannsóknarskýrslu um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á útivist og ferðþjónustu. Hefur höfundur rannsóknarskýrslunnar m.a. sent inn athugasemdir þess efnis og einnig bent á að umfjöllun um útivist og ferðþjónustu í frummatsskýrslu sé ábótavant. Framkvæmdaraðili hefur í svörum sínum við athugasemdum bent á að heildaráhrif á ferðþjónustu og útivist séu metin í næst hæsta flokki neikvæðra áhrifa, þ.e. talsvert neikvæð en að uppsetning á niðurstöðu mats á áhrifum í frummatsskýrslu sé með öðrum hætti en í rannsóknarskýrslunni.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu hefði mátt koma skýrar fram hver niðurstaða rannsóknarskýrslu hafi verið um áhrif framkvæmdarinnar á útivist og ferðþjónustu. Hins vegar bendir stofnunin á að framkvæmdaraðili getur haft aðra skoðun á áhrifum á útivist og ferðþjónustu en kemur fram í sérfræðiskýrslu með viðeigandi rökstuðningi. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu er útskýrt í kafla 6.7.2 hvað sé að baki þeim vægiseinkennum sem Landsnet notar til að leggja mat á áhrif á þessa umhverfisþætti á mismunandi svæðum. Ljóst er að neikvæð áhrif Blöndulínu 3 á ferðþjónustu og útivist verða vegna sýnileika hennar og þeirra breytinga sem hún kann þar með að hafa á upplifun ferðamanna en sýnileikinn er mismikill eftir svæðum og nálægð við línuna eins og m.a. kemur fram í kafla 9.1 í þessu álitu.

Skipulagsstofnun telur að þegar á heildina er litið þá verði áhrif Blöndulínu 3 á útivist og ferðþjónustu talsvert neikvæð. Línun mun liggja um margbreytilegt svæði, á köflum um svæði sem bera ekki merki mannvirkja og síðan á löngum köflum samhliða núverandi línunni og í grennd við þjóðveg 1, bæði um byggð svæði og óbyggð. Ljóst er að ásýnd svæðisins, sem línun kemur til með að liggja um, mun breytast töluvert og þar með upplifun ferðamanna. Það gildi jafnt um þá sem eru fótgangandi á svæðum þar sem engin mannvirki eru, ferðamenn í byggðu umhverfi eða nágrenni þess og þá sem aka um Öxnadalsheiði og aðliggjandi dali. Stofnunin getur tekið undir það sem fram kemur í niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar að líta megi á Blöndulínu 3 sem iðnaðarmannvirki sem muni vart falla inn í náttúrulegt landslag þess

svæðis sem hún komi til með að liggja um, hvort sem um er að ræða óbyggð svæði eða byggðar sveitir. Jafnvel þó að fyrirhugað sé að leggja Blöndulínu 3 samsíða núverandi línu á löngum köflum þá er ljóst að Blöndulína 3 er að öllu leyti umfangsmeira mannvirki og neikvæð sjónræn áhrif hennar mun meiri en núverandi tréstaurlínu og kann að magna upp neikvæð sjónræn áhrif af línunum báðum. Skipulagsstofnun gerir ekki upp á milli þess hvort Blöndulína 3 verður lögð samkvæmt Efribýggðarleið eða Héraðsvatnaleið m.t.t. neikvæðra áhrifa á ferðapjónustu og útivist sbr. umfjöllun í kafla 9.1 í þessu álit.

### 9.3 ÁHRIF Á LANDNOTKUN

Í þessum kafla verður fjallað um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landnotkun aðra en þá sem felst í útivist og ferðamennsku en um þann umhverfisþátt er fjallað í kafla 9.2 hér næst á undan.

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhuguð háspennulína muni að stórum hluta liggja um landbúnaðarsvæði, fyrst og fremst afréttir eða beutiland en einnig á köflum um ræktað land og sums staðar nærri nokkrum bæjum en yfirleitt fjarri meginþéttbýli í sveitarfélögunum fimm. Fram kemur að línuleiðin fari um 60 jarðir og áætlaður fjöldi mastra, innan hvernar jarðar, er að finna í matsskýrslu. Auk þess sé að finna upplýsingar í skýrslunni um gróflega áætlaða skerðingu á ræktuðu landi annars vegar á Efribýggðarleið og hins vegar á Héraðsvatnaleið í Skagafirði miðað við fjölda mastra á ræktuðu landi. Tekið er fram hvað varðar áhrif slóða og mastursstæða á landnotkun að ekki sé um að ræða endanlega staðsetningu þeirra mannvirkja. Því séu ekki forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig. Fram kemur sú niðurstaða að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa nokkuð neikvæð, bein en staðbundin áhrif á landnotkun þar sem m.a. ræktað land fari undir mastursstæði og slóðir, eða takmarkanir verði á landnotkun þar sem byggingarbann gildi undir og næst við háspennulínur. Að öðru leyti sé talið að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á landnotkun s.s. vegna skerðingar á beutilandi.

Í umsögn Húnavatnshrepps kemur fram að mikilvægt sé að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á verðmæti þess lands sem línun muni liggja um verði metin af sjálfstæðum fagaðilum og að fullt samráð verði haft við landeigendur um línustæði og slóðagerð og þeim kynntur bótaréttur sinn.

Landsnet svarar því til að fyrirtækið muni samkvæmt viðteknum venjum bæta landeigendum það land sem skerðist vegna framkvæmdanna en aðrar bætur séu samkomulagsatriði milli landeigenda og Landsnets.

Í athugasemdum nokkurra aðila kemur fram að fyrirhuguð lína fari um verðmætt kornræktarland, en kornrækt fari vaxandi og muni skerða það land sem talið sé einna best fallið til kornræktar í Skagafirði.

Í svari Landsnets kemur fram að á hluta þeirra jarða sem fyrirhuguð Blöndulína 3 muni fara um verði skerðing á ræktuðu landi sem fyrirtækið muni bæta landeigendum.

Í athugasemd frá Dan-Ice Mink ehf. er bent á að í Héraðsdal sé fyrirhugað að byggja upp öflugt minkabú sem kalli á mikla fjárfestingu. Aðstæður þurfi að vera með þeim hætti að sem minnst truflun stafi frá umhverfinu þar sem dýrin séu mjög viðkvæm fyrir utanaðkomandi truflunum. Gerð er krafa um aðra línuleið eða að línun verði lögð í jörðu.

Landsnet svarar því til að verði Blöndulína 3 lögð skv. Héraðsvatnaleið verði fjarlægð til Héraðsdals um 6-700 m. Segulsvið verði því óverulegt vegna fjarlægðar og langt undir viðmiðunarmörkum fyrir íbúðarhús og sé lítið á að það sama gildi um skepnur og fólk hvað

varðar áhrif segulsviðs og ættu dýrin því ekki að verða fyrir áhrifum. Á framkvæmdatíma verði þess gætt að halda raski og truflun í lágmarki.

Í athugasemd frá Ásrúnu Árnadóttir og Sigurði Gíslasyni kemur fram að nauðsynlegt sé að umgengni við landið í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir verði eins og best verði á kosið og að fullt samráð verði haft við eigendur landsins um hvernig staðið sé að verkinu.

Í svörum Landsnets kemur fram að eftirlitsmenn verkkaupa muni fylgjast með framvindu verks, tryggja að jarðraski verði haldið í lágmarki og að frágangur verði í samræmi við útboðsskilmála. Í lok framkvæmda verði allt jarðrask lagfært eins og kostur er, yfirborð við möstur jafnað og svæðið umhverfis þau hreinsað og snyrt. Í lok framkvæmda muni Landsnet láta framkvæma sérstaka umhverfisúttekt með þátttöku hlutaðeigandi aðila.

Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir benda á í athugasemdum sínum að fyrirætlanir Landsnets hf. geri ráð fyrir að háspennulínan liggja í gegnum skógræktarland á jörðinni Hólum í Hörgársveit og myndu eitt til tvö möstur af fjórum innan landamerkja jarðarinnar lenda innan skógræktarsvæðis en þegar hafi verið plantað í þetta svæði.

Landsnet svarar því til að reynt verði að forðast að setja möstur í skógarreiti og svæði þar sem skógrækt sé komin af stað eða sé fyrirhuguð. Gert er ráð fyrir að staðsetning verði skoðuð í samráði við viðkomandi landeigendur.

Jón Gissurarson gerir þá athugasemd að líklegt sé að matsverð og söluverð jarða muni lækka við línulögnina og eftirspurn eftir þeim til kaups verði minni þegar núverandi ábúendur hætti búskap og þurfi að selja. Spurt sé hvort Landsnet ætli að bæta bændum verðfall á jörðum þeirra og ef til vill tryggja sölu á þeim eða kaupa þær ef þær seljist ekki.

Landsnet svarar því til að ekki liggja fyrir forsendur til ályktana um mats- og jarðaverð vegna fyrirhugaðra framkvæmda en fyrirtækið muni bæta landeigendum það land sem skerðist vegna framkvæmdanna en aðrar bætur séu samkomulagsatriði milli landeigenda og Landsnets.

Ólafur Margeirsson gerir kröfu um að kostnaðar- og ábatagreining taki tillit til þeirra bóta sem borga þurfi landeigendum verði lagning Blöndulínu 3 að veruleika.

Í svari Landsnets kemur fram að sértækar kostnaðargreiningar séu ekki hluti mats á umhverfisáhrifum en bætur séu samkomulagsatriði milli landeigenda og Landsnets.

Nokkrir aðilar gera að öðru leyti athugasemdir við staðsetningu masturs og eða línu á landareign sinni og óska eftir tilfærslu og hefur Landsnet svarað því til að allar beiðnir um lítils háttar tilfærslur mastra verði skoðaðar við endanlega hönnun og samráð haft um hliðrun línunnar við landeigendur.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að fyrirhuguð lagning Blöndulínu 3 muni óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á landnotkun þar sem hún mun liggja um landbúnaðarhéruð og raska ræktuðu landi, beitarlandi og hugsanlega landi þar sem skógrækt er stunduð. Fyrir utan beint rask vegna mastrastæða og vegslóða þá er einnig um takmörkun á landnotkun að ræða vegna byggingarbannssvæðis sem er 40-75 m breitt í tilfelli Blöndulínu 3. Í matsskýrslu eru birtar upplýsingar um áætlaðan fjölda mastra á hverri jörð fyrir sig og gróflega áætluð röskun á ræktuðu landi vegna mastrastæða á þeim jörðum í Skagafirði sem línan kann að liggja um miðað við valkosti línuleiðar sem þar eru lagðir fram. Ekki er að finna upplýsingar um áætlaða röskun ræktaðs lands á línuleiðinni allri eða heildarröskun vegna framkvæmdanna á þeim 60 jörðum sem línan mun liggja um. Skipulagsstofnun gerir sér grein fyrir að þar sem ekki er endanlega búið að ákveða staðsetningu mastra og vegslóða og umfang þeirra þá kunni slík áætlun að vera ónákvæm. Stofnunin telur þó að miðað við áætlaða staðsetningu vegslóða og mastra og umfang rasks auk takmarkana á landnotkun sé ljóst að um verði að ræða talsvert

neikvæð áhrif af lagningu Blöndulínu 3 á landnotkun þegar á heildina er litið, en ljóst er að áhrifin verða mismikil eftir jörðum. Skipulagsstofnun telur ekki forsendur til þess að gera upp á milli þess hvort leggja beri Blöndulínu 3 skv. Efribýggðarleið eða Héraðsvatnaleið m.t.t. neikvæðra áhrifa hennar á landnotkun.

Stofnunin telur að líta beri svo á að röskun eða skaði á tünnum, beitolandi eða öðru nytjalandi til landbúnaðar fylgi fyrst og fremst afkomutengdur eða fjárhagslegur skaði. Skipulagsstofnun bendir á að umfjöllun um fébætur vegna slíks tjóns falla ekki undir málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum og tekur stofnunin því ekki afstöðu til fjárhagslegra skaðabóta vegna tjóns af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar nema að því leyti að stofnunin telur ljóst að tryggja þurfi að hagsmunaaðilar fái viðeigandi bætur í einhverju formi. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á 21.-23. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Skipulagsstofnun leggur að öðru leyti áherslu á að endanleg staðsetning mastra og slóða verði í samráði við landeigendur og að tekið verði tillit til óska landeigenda, með það að markmiði að draga eins og kostur er úr raski á nytjalandi. Þá vill stofnunin leggja áherslu á að tryggt verði að jarðraski verði haldið í lágmarki og að vandað verði til verka við allan frágang að framkvæmdum loknum eins og Landsnet hefur áform um samkvæmt framlögðum gögnum.

#### 9.4 ÁHRIF RAF- OG SEGULSVIÐS OG HÁVAÐA

Í matskýrslu kemur fram að við hönnun Blöndulínu 3 hafi verið tekið tillit til krafna um takmörkun raf- og segulsviðs umhverfis háspennulínur svo að hún uppfylli viðmiðunarreglur.

Fram kemur að kröfur fyrir rafsvið samkvæmt tilmælum Evrópusambandsráðsins, fyrir staði þar sem búast má við að fólk dvelji í umtalsverðan tíma, séu 5 kV/m. Samkvæmt útreikningum fyrir Blöndulínu 3 sé hámarksgildi fyrir rafsvið áætlað 2,8 kV/m í 1,8 m hæð undir miðju hafi stakstæðrar 220 kV línu.

Fram kemur að kröfur fyrir segulsvið samkvæmt tilmælum Evrópusambandsráðsins, fyrir staði þar sem búist megi við að fólk dvelji að staðaldri, séu 100  $\mu$ T (mikróTeslar). Hámarksgildi fyrir segulsvið sé áætlað 22,8  $\mu$ T í 1,8 m hæð yfir jörðu undir miðju hafi stakstæðrar 220 kV línu fyrir 340 MVA flutning. Sé hins vegar litið til hámarks flutningsgetu línunnar, 560 MVA, hækkar segulsviðið undir línunni í 36,8  $\mu$ T. Segulsviðið er hins vegar komið niður í 0,4  $\mu$ T í 120 m fjarlægð frá línu og 0,1  $\mu$ T í 220 m fjarlægð við þennan hámarksflutning. Bent er á að til hliðsjónar sé stysta vegalengd frá Blöndulínu 3 í íbúðarhús um 200 m. Af framangreindu sé ljóst að fyrirhuguð lína mun standast tilmæli Evrópusambandsráðsins varðandi raf- og segulsvið þar sem fólk dvelur í umtalsverðan tíma.

Fram kemur að við útreikning á hávaða hafi verið miðað við þrjú tilvik: Hávaða í góðu veðri, hávaða við blautan leiðara og hávaða í mikilli rigningu. Ströngustu kröfur um hljóðstig skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008 gilda fyrir frístundabyggð, en engin frístundabyggð sé það nálægt fyrirhugaðri háspennulínu að hætta sé á að línan uppfylli ekki skilyrði sem sett séu fram í reglugerð. Hvað íbúðarhúsnæði varði megi hljóðstig utan við vegg ekki fara yfir 40 decibel dB(A). Fyrirhuguð lína verði í það mikilli fjarlægð frá íbúðarhúsnæði að framangreint skilyrði í reglugerðinni verði uppfyllt. Því verði um að ræða óveruleg áhrif af völdum hávaða.

Í nokkrum athugasemdum kom fram að upplýsingar vanti um umfang spennujöfnunarskauta, virkni þeirra og staðsetningu og um hvaða hættu sé að ræða, en skautunum sé ætlað að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu.

Landsnet svarar því til að yfirleitt sé ekki þörf sérstakra ráðstafana við möstur til að takmarka skref- og snertispennur. Landsnet hafi hins vegar, í varúðarskyni, sett svokölluð spennujöfnunarskaut við möstur sem séu staðsett þannig að líkur séu á að fólk geti verið þar,

t.d. þar sem möstur séu nálægt vegum. Spennujöfnunarskaut séu lögð í hring í kringum möstrin, og með þeim sé komið í veg fyrir að manneskja sem snerti mastur eða stög verði fyrir alvarlegu raflosti ef leiðari undir spennu snerti mastur á sama augnabliki.

Margeir Björnsson telur að allar líkur séu á að rafsegulmengun og heilsufarsleg skaðsemi af [línunum] sé langtum meiri en látið sé í veðri vaka, samanber krabbameinstilfelli nálægt spennistöðvum. Í nokkrum athugasemdum er bent á að í ljósi þess að fólki sé ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði þar sem byggingarbann gildi sé eðlileg spurning hver áhrif séu á búpening sem haldi sig þar á beit og sé jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Í svari Landsnets kemur fram að Evrópusambandsráðið samþykkti árið 1999 leiðbeinandi tilmæli fyrir mörk segulsviðs þar sem búist megi við að fólk dveldist umtalsverðan tíma. Segulsvið sé alls staðar undir þessum mörkum á línuleiðinni, bæði innan og utan byggingarbands. Litið er á að hið sama gildi um skepnur og fólk en erlendar rannsóknir bendi til að segulsvið frá háspennulínunum hafi engin áhrif á búpening.

Í nokkrum athugasemdum er farið fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA flutningsgetu en ekki eingöngu 220 MVA.

Landsnet bendir á að orðið hafi verið við þessum ábendingum og séu nú í matsskýrslu reiknuð tvö tilvik flutnings, annars vegar fyrir 340 MVA flutning og hins vegar fyrir 560 MVA flutning. Fyrri tilvikið, 340 MVA, er í samræmi við þann hámarksflutning sem yfirleitt er á 220 kV línunum Landsnets. Seinna tilvikið, 560 MVA, samsvari hitaflutningsmörkum línunnar, þ.e. hámarksgetu. Slíkur flutningur eftir Blöndulínu 3, ef til hans kæmi, yrði einungis við umfangsmiklar bilanir í flutningskerfinu og stæði þá í skamman tíma, en flutningskerfið sé hannað með þeim hætti að við línubilanir geti aðrir hlutar kerfisins tekið á sig aukinn flutning. Við aukinn flutning hækki segulsvið umhverfis línuna en rafsvið og hávaði af rafrænum uppruna haldist óbreyttur.

Í athugasemd frá Ólafi Margeirssyni er vísað í rannsókn frá árinu 2010 þar sem bent er á að segulsvið yfir 0,2  $\mu$ T hafi mjög alvarleg áhrif á krabbamein á borð við hvítblæði hjá börnum og heilakrabbamein hjá fullorðnum. Af mynd 8.5 í frummatsskýrslu megi álykta sem svo að segulsvið verði langt yfir 0,2  $\mu$ T mörkunum í meira en 80 m fjarlægð frá línunni. Sé þá miðað við 200 MVA straum en flutningsgeta Blöndulínu á samt að vera 560 MVA. Bent er á að eðlilegt segulsvið í mannabústöðum er talið um 0,025  $\mu$ T. Í tengslum við þetta er gerð krafa um að sýnd verði gögn um hversu langt frá línunni, við 560 MVA straum, verði að fara til að segulsviðið verði um 0,025  $\mu$ T.

Gauti Hallsson bendir á í athugasemd sinni að grunnviðmið skýrslunnar um segulsvið séu gildi skv. ICNIRP, en að þau gildi séu ekki í nokkru samræmi við aðrar viðmiðanir eða kröfur sem búið sé að setja fram eða leggja drög að. Bent er á að settar hafi verið reglur á nokkrum stöðum í heiminum, stundum takmarkaðar við ákveðin sveitarfélög eða borgir, sem krefjast byggingar- og viðvarandi viðverubanns á 200-400 m beltum frá háspennulínunum eða allt að 400-800 m breiðra belta þar sem línur fari um.

Í svari Landsnets kemur fram að í kafla 8 í matsskýrslu hafi verið bætt við reikningum fyrir 560 MVA flutning. Ekki séu í gildi sérstakar reglur á Íslandi [varðandi segulsvið] en Landsnet fylgi sömu viðmiðum um segulsvið og flestar aðrar þjóðir. Nokkrar þjóðir hafi þó sett reglur um mörk segulsviðs við vegg nærliggjandi íbúðarhúsa, skóla, barnaheimila og stofnana í stað þess að setja mörk undir línunum sjálfum og sé þá yfirleitt tekið fram að um sé að ræða árlegt meðaltal. Meðal þeirra þjóða sem sett hafi slíkar reglur séu Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Holland, Sviss og Ítalía og sé þessum reglum lýst stuttlega í kafla 8 í matsskýrslu. Fram kemur að þau gildi sem fram koma í athugasemd frá Ólafi Margeirssyni séu mun lægri en þau gildi sem hægt sé að finna stað í reglum þjóða. Fram kemur að í kafla 8 hafi verið bætt



við myndum sem sýni útreiknað segulsvið og séu sýnd til viðmiðunar 0,4  $\mu\text{T}$  mörkin á sumum myndunum. Þetta séu þau mörk sem sett hafi verið fram sem viðmiðunargildi í Noregi og Hollandi við nýja byggingu, háspennuvirki eða endurnýjun á slíku virki og eigi að reyna að komast hjá því að í byggingunni verði segulsvið yfir 0,4  $\mu\text{T}$ . Þá hafi verið sett inn í kaflann ný tafla sem sýni stystu vegalengdir frá Blöndulínu 3 í Íbúðarhús og gerð frekari grein fyrir því hvernig segulsvið dvíni með vaxandi fjarlægð frá línunni.

Í umsögn Akrahrepps kemur fram að fyrirhuguð línulögn um land jarðarinnar Stokkhólma sé með öllu óásættanleg. Íbúðarhús í Stokkhólma lendi á milli tveggja háspennulína og því óttast hreppsnefnd að óæskileg áhrif af háspennntu rafmagni verði íbúum óbærileg.

Anna S. Sigmundsdóttir og Einar Ólafsson, Stokkhólma spyrja í athugasemd sinni hver séu heilsufarsleg áhrif þess að búa innilokaður á þrjá vegu af háspennulínunum en gamla byggðalínan sé í um 150 m fjarlægð norðan og austan við bæinn Stokkhólma en Blöndulína 3 sé fyrirhuguð í minna en kílómeters fjarlægð vestan við bæinn.

Í svari Landsnets kemur fram að gerðir hafa verið útreikningar á styrk segulsviðs við bæinn Stokkhólma við orkuflutning eftir Rangárvallalínu 1 (byggðalínunni) og Blöndulínu 3 sem samsvarar mestu getu umræddra lína, þ.e. 130 MVA eftir Rangárvallalínu og 560 MVA eftir Blöndulínu 3. Niðurstaða útreikninganna sýni að styrkur segulsviðs við Stokkhólma sé um 0,06  $\mu\text{T}$  sem sé aðeins 15% af 0,4  $\mu\text{T}$  viðmiðunargildunum sem víða séu sett um segulsvið við íbúðarbyggingar, samanber svör hér að framan. Útreiknað segulsvið sé af svipaðri stærðargráðu og vænta megi inni á heimilum og því ljóst að heilsupillandi áhrif séu ekki fyrir hendi vegna línanna. Landsnet sé hins vegar reiðubúið að skoða mögulegar mótvægisáðgerðir sem tengist Rangárvallalínu 1 við Stokkhólma ef Héraðsvatnaleið verði valin fyrir Blöndulínu 3. Slíkar áðgerðir gætu falist í færslu Rangárvallalínu ef það er mögulegt eða að setja hana í jörð á þessum kafla.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að það eigi að vera hafið yfir allan vafa að áhrif segulsviðs frá Blöndulínu 3 muni á nokkurn hátt hafa neikvæð áhrif á heilsufar íbúa í grennd við línuna. Samkvæmt framlögðum gögnum virðist að miðað við viðmið í tilmælum Evrópusambandsráðsins, sem Landsnet vitnar til, sé lítil hætta á að segulsvið kunni að hafa neikvæð áhrif á fólk. Viðbótarskilyrði sem sett eru t.d. í Noregi og Hollandi og eru 0,4  $\mu\text{T}$ , þar sem búast má við að fólk og þá sérstaklega börn dvelji að staðaldri, eru hins vegar mun strangari. Samkvæmt útreikningum Landsnets er rafsegulsvið frá línunni komið niður að fyrrgreindum 0,4  $\mu\text{T}$  mörkum í um 120 m fjarlægð og niður í 0,1  $\mu\text{T}$  í 220 m fjarlægð frá línunni. Samkvæmt upplýsingum í matsskýrslu er stysta vegalengd frá Blöndulínu 3 í Íbúðarhús um 200 m. Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun að ekki eigi að vera hætta á því að segulsvið hafi neikvæð áhrif á fólk þar sem það dvelur að staðaldri. Stofnunin telur ljóst, samkvæmt svörum Landsnets, að ekki verði um heilsuspillandi áhrif að ræða vegna nálægðar Rangárvallalínu 1 og Blöndulínu 3 við bæinn Stokkhólma þar sem styrkur segulsviðs við Stokkhólma verði um 0,06  $\mu\text{T}$ . Skipulagsstofnun telur að óvissa sé um áhrif segulsviðs á búpening þó að Landsnet minnst á rannsóknir sem eigi að benda til þess að segulsvið hafi engin áhrif á búpening. Sú hætta er fyrir hendi að búpeningur sé að staðaldri í mun meiri nálægð við raflínurnar og því ekki hægt að útiloka neikvæð áhrif. Skipulagsstofnun telur að í ljósi fyrirbyggjandi gagna verði ekki um neikvæð áhrif að ræða af segulsviði þar sem fólk dvelur að staðaldri í nágrenni línunnar. Að mati stofnunarinnar verða áhrif af hávaða ekki veruleg af háspennulínunni en þó staðbundin nokkuð neikvæð við verstu veðurfarsaðstæður í nálægð við línuna.

## 9.5 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar á línuleiðinni á 300 m breiðu beltí og í grennd við það. Allir minjastaðir, sem hægt hafi verið að staðsetja með sámilegri vissu, hafi verið hnitsettir með GPS mælingu. Auk þess sé nokkuð um óhnitsetta minjastaði sem ekki hafi fundist eða séu þekktir á þeim jörðum þar sem ekki hafi fengist leyfi til fornleifaskráningar. Alls séu 175 hnitsettir minjastaðir innan hugsanlegs áhrifasvæðis línunnar og hafa 130 verið taldir vera í hættu (innan 25-150 m fjarlægðar frá línustæði) og 45 taldir vera í stórhættu (innan 25 m fjarlægðar frá línustæði).

Fram kemur að eftir að ofangreindar niðurstöður fornleifarannsóknar hafi legið fyrir hafi við hönnun línunnar verið tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða hafi verið reynt að sneiða framhjá fornleifum eins og kostur sé og miðað við staursetningu eins og hún sé sett fram í matsskýrslu, þá sé minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Fram kemur að við reisingu mastra, gerð vegslóða og efnistöku verði tekið tillit til staðsetningar minja og reynt að hlífa þeim eins og kostur er. Staðsetning fornleifa verði kynnt verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla. Til að koma í veg fyrir/minnka líkur á raski fornleifa verði minjar í grennd við möstur og vegslóðir, bæði hnitsettar og óhnitsettar, merktar með áberandi hætti. Ef í ljós komi á framkvæmdatíma að ekki sé mögulegt að sneiða framhjá fornleifum verði haft samráð við Fornleifavernd ríkisins. Fram kemur að óverulegur munur sé á áhrifum á fornleifar eftir því hvort Efríbyggðarleið eða Héraðsvatnaleið verði farin. Þar sem við hönnun háspennulína hafi meðal annars verið horft til þess að komast hjá raski á fornleifum eigi ekki að koma að sök, hvað áhrif varðar, þó fleiri fornleifar séu í grennd við Efríbyggðarleið.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnunar Íslands) kemur fram að það samráð við stofnunina sem lofað sé í frummatsskýrslu þurfi að hefja þegar á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar m.a. við val á endanlegri legu vegslóða. Framkvæmdaraðili þurfi í samráði við Fornleifavernd ríkisins að tryggja að hvorki möstur né slóðar raski fornleifum. Bent er á að hafa þurfi samráð við Fornleifavernd ríkisins um hvaða fornleifar þurfi að merkja og með hvaða hætti það verði gert. Fornleifavernd ríkisins bendir á að brýnt sé að skrá fornleifar á þeim jörðum þar sem ekki hafi fengist leyfi landeigenda til skráningar til þess að hægt sé að taka afstöðu til heildaráhrifa framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin muni í framhaldinu leggja mat á til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa vegna fornleifa sem kunni að vera í hættu innan þessara jarða.

Í svörum Landsnets kemur fram að tekið sé undir með Fornleifavernd ríkisins varðandi þau atriði sem stofnunin bendi á í umsögn sinni og muni framkvæmdaraðili vera í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins þegar á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar.

Fornleifavernd ríkisins bendir í umsögn sinni á að reynslan hafi sýnt að GPS-mælingar sem gerðar hafi verið fyrir 10 árum eða meira, geti verið mjög ónákvæmar og því sé erfitt að treysta þeim. Í fornleifaskráningarskýrslunni komi fram að í einstaka tilfellum hafi ný og nákvæmari hnattstaða verið tekin þar sem eldri mælingar lágu fyrir. Fornleifavernd ríkisins telur að yfirfara þurfi allar eldri mælingar á staðsetningu fornleifa, sem ekki hafa nú þegar verið staðsettar að nýju, með nýrri mælingu. Gera þurfi Fornleifavernd ríkisins grein fyrir niðurstöðum nýrra GPS-mælinga og þeim breytingum á staðsetningu fornleifa sem af þeim kunni að leiða. Stofnunin muni í framhaldinu leggja mat á til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa varðandi fornleifar sem kunni að vera í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda í ljósi nýrra upplýsinga um staðsetningar.

Landsnet svarar því til að áður en framkvæmdir hefjist verði þær fornleifar sem taldar séu í hættu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði merktar. Ef í ljós komi að mælingar séu ekki réttar verði þær uppfærðar og gripið til viðeigandi ráðstafana, s.s. nánari merkinga í samráði við viðkomandi fornleifafræðing sem eftirlit muni hafa með framkvæmdunum. Jafnframt verði Fornleifavernd ríkisins gerð grein fyrir niðurstöðum nýrra GPS-mælinga.

Fornleifastofnun Íslands, sem sá um fornleifarannsókn fyrir Landsnet vegna fyrirhugaðrar lagningu Blöndulínu 3, sendi inn athugasemdir þar sem bent var á að breytingar hafi verið gerðar á línustæði Blöndulínu 3 eftir að fornleifaúttekt hafi farið fram. Línustæðinu hafi verið hnikað til á nokkrum stöðum, oftast aðeins innan úttektarsvæðis en á einhverjum stöðum virðist línan liggja í jaðri eða jafnvel utan þess svæðis sem tekið hafi verið út. Sé sú raunin mætti ætla að jafnvel væri nauðsynlegt að rannsaka möguleg svæði sem kunni að vera utan fyrra úttektarsvæðis. Til þess að hægt sé að meta slíkt þyrfti Fornleifavernd ríkisins að fá öll nauðsynleg gögn til þess að stofnunin geti úrskurðað um hvort slíkt þurfi. Færsla línu feli líklega í sér nokkrar breytingar miðað við þá umfjöllun sem sé að finna í upphaflegri fornleifaskýrslu t.d. um fornleifar á Grjóthaugahálsi.

Landsnet svarar því til að ef raunin sé sú að línan liggja í jaðri eða jafnvel utan þess svæðis sem tekið hafi verið út í fornleifarannsókn verði ákveðið, í samráði við Fornleifavernd ríkisins, hvort nauðsynlegt sé að rannsaka umrædd svæði m.t.t. fornleifa.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að ákveðin óvissa sé til staðar um áhrif Blöndulínu 3 á fornleifar. Samkvæmt því sem fram kemur í matsskýrslu eru engar fornleifar í stórhættu, þ.e. innan við 25 m frá möstrum, en ljóst er að endanleg staðsetning vegslóða liggur ekki fyrir og þar með hugsanleg áhrif þeirra á fornleifar. Þá er fornleifaskráningu ekki lokið á þeim jörðum þar sem ekki hefur fengist leyfi til fornleifaskráningar. Einnig er ljóst að skv. ábendingu Fornleifastofnunar Íslands, sem sá um fornleifarannsóknir, virðist vera sem línustæðið eins og það er kynnt í matsskýrslu geti á köflum verið í jaðri eða jafnvel utan þess svæðis sem tekið hafi verið út í rannsókn stofnunarinnar. Fram kemur í matsskýrslu að Landsnet hafi brugðist við niðurstöðum fornleifarannsóknar með því að hnika til línustæðinu til þess að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á fornleifar.

Skipulagsstofnun telur að það þurfi að vera skýrt, að áður en kemur að útgáfu framkvæmdaleyfa hafi farið farið fornleifarannsókn á endanlegu áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin telur að Landsnet þurfi að hafa samráð við Minjastofnun Íslands (áður Fornleifavernd ríkisins) varðandi það hvort nauðsynlegt sé að rannsaka svæði sem kunna að vera utan þess svæðis sem Fornleifastofnun Íslands rannsakaði.

Til þess að freista þess að tryggja að fyrirhugaðar framkvæmdir raski ekki fornleifum telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að Landsnet hafi náð samráð við Minjastofnun Íslands strax á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar eins og fyrirtækið gefur fyrirheit um í svörum sínum. Landsnet fari að öðru leyti eftir ábendingum og tilmælum stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir og aðrar áðgerðir sem koma fram í umsögninni. Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar eigi að setja það skilyrði að Landsnet þurfi að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um hvaða fornleifar þurfi að merkja og með hvaða hætti það verði gert og að skráðar verði fornleifar á þeim jörðum þar sem ekki hafi fengist leyfi landeigenda til skráningar. Þá þurfi Landsnet að láta yfirfara allar eldri GPS-mælingar á staðsetningu fornleifa, sem ekki hafa nú þegar verið staðsettar að nýju, með nýrri mælingu og gera Minjastofnun grein fyrir niðurstöðum.

Varðandi áhrif efnistöku á fornleifar vísar Skipulagsstofnun til umfjöllunar um efnistökusvæði í kafla 2.2 í þessu álit.

## 9.6 ÁHRIF Á FUGLA

Í matsskýrslu og sérfræðiskýrslu um fuglalíf kemur fram að alls hafi sex tegundir fugla á válista sést við fyrirhugaða línuleið, þ.e. grágæs, gulönd, straumönd, svartbakur, stormmáfur og hrafn. Þá séu fjögur hreiðurstæði annarrar válistategundar, fálka, þekkt í nágrenni fyrirhugaðs línustæðis en hann hafi ekki sést í fuglaathuguninni. Fram kemur að á framkvæmdatíma geti hávaði frá vinnuvélum/þungaflutningabílum og aukin umferð truflað fugla innan og í grennd við áhrifasvæði línunnar, einkum á varp- og fartíma. Búast megi við að tímabundin talsvert neikvæð áhrif geti orðið einkum á faliðaða stofna fugla sem njóti verndar og séu viðkvæmir fyrir truflun við hreiður, s.s. á fálkann. Fram kemur að hundruð álfra og þúsundir gæsa nýti sér sléttlend, grösug svæði í Skagafirði, mest að vori og hausti en Blöndulína 3 muni liggja um eitt slíkt svæði, norðan Vindheima ef Héraðsvatnaleið verði fyrir valinu. Gæsir og álfir geti orðið fyrir talsvert neikvæðum tímabundnum áhrifum á framkvæmdatíma auk þess sem á þessu svæði sé hætta á að raflínur, geti haft neikvæð áhrif á stóra fugla vegna áflugshættu einkum á fuglaríkum svæðum, s.s. á ofangreindu svæði og á öðrum svæðum þar sem línur liggja þvert á flugleiðir/farleiðir fugla, t.d. þar sem Blöndulína 3 fari yfir stórar ár, s.s. Svartá, Blöndu og Héraðsvötn. Ekki sé talið að afgerandi munur sé á áhrifum á fuglalíf eftir því hvort Efribyggðarleið eða Héraðsvatnaleið verði farin.

Fram kemur í skýrslunni að árekstrar fugla við raflínur hafi lítið verið rannsakaðir hér á landi en að gert sé ráð fyrir vöktun yfir 5 ára tímabil á viðkvæmum svæðum í samráði við fuglafræðinga þar sem áhersla verði lögð á vöktun á áflugi fugla og síðan verði haft samráð við þar til bæra aðila um niðurstöðu vöktunar og hugsanlegar aðgerðir.

Umhverfisstofnun bendir á að óheimilt sé að trufla fálka við hreiður á varptíma samkvæmt reglugerð nr. 252/1996. Þá bendir Umhverfisstofnun á að í frummatsskýrslu vanti umfjöllun um til hvaða aðgerða verði gripið ef vöktun leiði í ljós tíða árekstra fugla á línuna.

Í svörum Landsnets er tekið undir mikilvægi þess að framkvæmdirnar hafi ekki neikvæð áhrif á varp fugla á borð við fálka og verði gerðar ráðstafanir við lagningu línunnar til þess að ekki skapist hætta á að fálkavarþ misfarist. Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á fálka á svæðinu á varptíma verði verktaka gert að haga framkvæmdum með varúð í nálægð þekktra hreiðurstæða. Landsnet vísar í umfjöllun í frummatsskýrslu varðandi fyrirhugaða vöktun á áflugi fugla. Þess fyrir utan svarar fyrirtækið því til að unnið sé að undirbúningi frekari rannsókna á þessu sviði og nefnir sem dæmi um mögulegar mótvægisáðgerðir, t.d. að línar verði merkt með belgjum eins og þekkt erlendis.

Nokkrir aðilar gera athugasemdir við rannsóknir á fuglalífi í Steinstaðahólma á Héraðsvatnaleið og almennt um fyrirhugaða staðsetningu línunnar norðan hans. Rannsóknaraðilar hafi ekki farið um hólmann en í Steinstaðahólma sé mjög þétt gæsavarþ, sennilega mesta gæsavarþ í Skagafirði. Þá er bent á að hólminn sé ósnortið land og bjóði upp á möguleika tengda fuglaskoðun og sé mikilvægi svæðisins vanmetið í frummatsskýrslu. Bent er á að flugleiðir gæsa frá náttstað við Héraðsvötn til bithaga í innhluta Skagafjarðar liggja yfir Steinstaðahólma og með Héraðsvötnum. Bygging háspennulínu á þessari leið hljóti því að hafa í för með sér mikla hættu á afföllum gæsa af hennar völdum.

Í svörum Landsnets kemur fram að við fuglaathuganir hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að gæsavarþ væri í Steinsstaðahólma þó að ekki hafi verið farið út í hólmann. Bent er á að tekið hafi verið fram í rannsóknaskýrslu um fugla að líklegt sé að fyrirhuguð Blöndulína 3 muni helst hafa áhrif á fuglalíf, með auknum afföllum vegna áflugs, á gæsa- og álfaríkum svæðum eins og við Héraðsvötn og á flatlendi í Skagafirði. Byggi þessi niðurstæða á þeim yfirlitsathugunum sem gerðar hafi verið í Skagafirði árið 2008, auk annarra heimilda og

almennrar þekkingar skýrsluhöfunda á fuglalífi á svæðinu. Þó farið hefði verið um Steinstaðahólma og nákvæm kortlagning verið gerð á fjölda gæsahreiðra á rannsóknasvæði fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, hefði það litlu breytt um þessa heildarniðurstöðu. Varðandi hættu á áflugi og vöktun er vísað til umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í athugasemdum Ólafs Valssonar og Sifjar Konráðsdóttur er bent á að fyrirhugað sé að Blöndulína 3 muni liggja yfir þekkt smyrilshreiður í Þverárgljúfri í Öxnadal og að háspennumastur verði staðsett örskammt frá hreiðrinu. Ekki er getið um þetta smyrilsvarp í viðauka 4, Fuglalíf, við frummatsskýrslu eða annars staðar í gögnum þessa máls og er líkt og að Landsneti hf. hafi sést yfir þetta varp.

Landsnet svarar því til að aðgát verði höfð vegna fyrirhugaðra framkvæmda við þekktu varpstaði, þar með talið við Þverárgljúfur.

Í athugasemdum Landverndar kemur fram að í frummatsskýrslu skorti á magnbundnar spár um áhrif línunnar á fugla, sérlega vegna áflugs. Slíkt sé þó ekki bundið við þessa skýrslu, enda sé hér um að ræða vandamál sem stafi af gagnaskorti, bæði hvað varðar stærð fuglastofna og tíðni áflugs. Mikilvægt sé að bæta úr hvoru tveggja til að hægt sé að segja með meiri vissu til um áhrif háspennuloftlína á fuglalíf. Landvernd bendir einnig á að áflugshætta verði að teljast óásættanleg þar sem hún sé talin verða mest, þ.e.a.s. þar sem línan þveri stórar ár eins og Svartá, Blöndu og Héraðsvötn, en ekki síst á sléttlendi í Skagafirði á fartímum stórra fuglategunda, þ.m.t. válistategunda. Á þessum svæðum hefði verið sérstök þörf á að kanna heildarumhverfisáhrif jarðstrengslagnar til jafns á við loftlínur (Partial Undergrounding).

Í svari Landsnets er vísað til umfjöllunar í frummatsskýrslu um fyrirhugaða vöktun.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að fyrir liggja að áflugshætta, einkum fyrir stóra vatnafugla, sé mest á sléttendum og grösugum svæðum í Skagafirði einkum að vori og hausti. Auk þess sé áflugshætta fyrir hendi þar sem háspennulína mun liggja þvert á flugleiðir/farleiðir fugla yfir stórar ár, s.s. Svartá, Blöndu og Héraðsvötn. Skipulagsstofnun hefur í úrskurðum og álitum um sambærileg verkefni bent á nauðsyn þess að upplýsingum sé safnað á skipulagðan hátt um áflug fugla á háspennulínur sem nýta megi til að spá fyrir um áflugshættu þegar nýjar línur eru fyrirhugaðar. Þrátt fyrir þetta virðist sem Landsnet hafi engar upplýsingar, sem aflað hefur verið hér á landi, til þess að byggja mat á áhrifum á fugla m.t.t. áflugs. Skipulagsstofnun vill leggja þunga áherslu á að Landsnet fylgi eftir þeim áætlunum um vöktun á áflugi fugla vegna Blöndulínu 3 sem koma fram í kafla 6.6.2 í matsskýrslu. Stofnunin bendir jafnframt á að með vöktun á völdum stöðum við aðrar háspennulínur verði hægt að afla frekari upplýsinga áður en að byggingu línunnar kemur. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi ráð fyrir því að við framkvæmdaleyfisveitingar verði uppfyllt það skilyrði að vöktunaráætlun liggja fyrir. Í henni þarf að koma skýrt fram hver vöktunarsvæði séu, hvaða sérfræðiaðilar hafi tekið þátt í að skilgreina þessi svæði og hverjir framkvæmi vöktunina. Þá telur Skipulagsstofnun að fram þurfi að koma í vöktunaráætlun að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun og í kjölfarið tekin ákvörðun um hvort að ástæða sé til að merkja með áberandi hætti raflínur til að draga úr dauða fugla vegna áflugs.

Skipulagsstofnun telur að öðru leyti að á framkvæmdatíma verði um að ræða nokkuð neikvæð áhrif á fugla vegna truflunar frá framkvæmdum og varanleg áhrif kunni að verða vegna búsvæðamissis á fuglaríkum svæðum, s.s. á ofangreindum svæðum í Skagafirði. Á öðrum hlutum línuleiðarinnar þar sem fuglalíf er ekki eins mikið verða áhrifin minni en þó óhjákvæmilega einhver þegar horft er til röskunar í ljósi umfangs framkvæmdanna. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif á fálka og smyril að höfðu samráði við Umhverfisstofnun um í tilhögun framkvæmda í nágrenni varpstaða, svo sem framkvæmdatíma.

Í ljósi þess sem rakið er hér að framan telur Skipulagsstofnun líklegt, að þegar horft er til áhrifa á framkvæmdatíma og áflugshættu eftir að línanhefur verið reist muni lagning Blöndulínu 3 samkvæmt Héraðsvatnaleið koma til með að hafa neikvæðari áhrif á fugla heldur en lagning línunnar samkvæmt Efribyggðarleið.

## 9.7 ÁHRIF Á GRÓÐUR

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt mati Náttúrufræðistofnunar Íslands þeki votlendi um 45% af flatarmáli á Efribyggðarleið sem sé mikið samanborið við að votlendi þeki að meðaltali 16% af láglandi Íslands. Fram kemur að á nokkrum stöðum á Efribyggðarleið og í Kræklingahlíð séu samhangandi votlendissvæði stærri en 3 hektarar á stærð en slík svæði njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Fram kemur að þó að forðast hafi verið eins og mögulegt sé að staðsetja möstur í votlendi og reynt að láta vegslóðir sveigja framhjá slíkum gróðursamfélögum hafi á nokkrum stöðum verið erfitt að koma í veg fyrir að möstur verði staðsett í þeim. Slóðir þurfi að leggja að þessum möstrum og hafi framkvæmdin þannig verulega neikvæð en staðbundin áhrif á framkvæmdatíma á votlendið. Fram kemur að alls muni um 11 ha af votlendi verða raskað ef línan verði lögð samkvæmt Efribyggðarleið en um 10 ha á Héraðsvatnaleið. Fram kemur að framkvæmdin muni í heildina raska gróðri sem nemi tæplega 50 ha svæði burtséð frá hvor línuleiðin verði valin. Framkvæmdin muni því hafa talsvert neikvæð en staðbundin áhrif á gróður. Lítil hætta verði á raski á sjaldgæfum tegundum vegna beinnar röskunar. Fram kemur að möguleiki sé á að á rekstrartíma geti sínk frá möstrum haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og mosa en í ljósi þess hve þekja mosa sé lítil á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé dregin sú ályktun að áhrif þessa þáttar á mosa verði óveruleg.

Landgræðsla ríkisins gerir þá kröfu í umsögn sinni að endurheimt verði ígildi þeirra vistgerða sem raskast eða tapast. Þannig verði t.d. votlendi bætt með endurheimt votlendis og aðrar gerðir gróðurlendis með endurheimt sams konar eða svipaðs gróðurlendis eftir því sem framast er unnt og að endurheimt fari fram eins nærri hinum röskuðu svæðum og unnt sé. Landgræðslan leggur enn fremur áherslu á að tekið sé tillit til þeirrar jarðvegsmyndunar sem átt hefur sér stað við myndun gróðurlendis og því sé hæfilegt að til mótvægis töpuðum gróðri og jarðvegi komi uppgræðsla eða endurheimt sem nemi a.m.k. þrefaldri stærð þess gróðurlendis sem tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Landsnet svarar því til að fyrirtækið muni endurheimta jafn stórt votlendi og tapist við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun auk þess sem samráð verði við Landgræðsluna, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um uppgræðslu lands vegna þess rasks sem verði á gróðri. Fram kemur að Landsnet telji að þessi áform uppfylli skyldur fyrirtækisins í verkefnum sem þessum. Bent er á að gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði njóti almennt ekki verndar, eins og votlendi geri og því beri Landsneti ekki skylda til að endurheimta annan gróður en votlendi í stað þess sem tapist.

Í athugasemdum Ólafs Valssonar og Sifjar Konráðsdóttur er bent á að á landareign þeirra í Öxnadal muni mastrastæði og slóðar raska á óafturkræfan hátt óframræstu votlendi sem sé yfir 3 ha af stærð og njóti því verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Í svari Landsnets kemur fram að mikil áhersla hafi verið lögð á að forðast votlendi við ákvörðun um línuleið. Bent er á að þar sem óumflýjanlegt sé að votlendi raskist muni fyrirtækið taka þátt í að endurheimta jafnmikið og tapast. Vakin er athygli á því að ekki sé þörf á að leggja slóð meðfram allri línunni heldur nægi að komast að hverju mastri.

Í athugasemdum nokkurra aðila er spurt hvort aðrar gróðurtegundir en gamburmosi taki upp sínk og þá hvaða áhrif það hafi á efnainnihald þeirra og hvort gerðar hafi verið rannsóknir á áhrifum aukins sínks í fæðu á dýr og fugla.

Í svari Landsnets kemur fram að ekki séu fyrirbyggjandi rannsóknaniðurstöður sem bendi til þess að lífverur sem nærast á gamburmosa taki upp sínk úr honum en um óverulegt magn verði að ræða.

Landvernd bendir á í athugasemd sinni að í frummatsskýrslu sé gert ráð fyrir að flatarmál gróðurs sem skerðist vegna mastra og slóða verði 120 m<sup>2</sup> fyrir hvert mastur. Ekki sé ljóst hvort eingöngu sé átt við svæði sem fari undir mól eða einnig svæði sem raskist vegna traðks vinnuvéla.

Landsnet svarar því til að innifalið í 120 m<sup>2</sup> sé svæði sem fari undir mól, undirstöður og stagfestur, þ.e. áætlað heildarjarðrask við hvert mastur. Annað rask sé ekki innifalið í þessum 120 fermetrum en gert sé ráð fyrir að rask utan slóða og plana verði í lágmarki og verði það lagfært eins og unnt er.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á gróður vegna umfangs á rúmlega 100 km línuleið. Fyrir liggur að samanlögð röskun á gróðurlendi vegna slóðagerðar og plana undir möstur verði að lágmarki um 50 ha og er Skipulagsstofnun sammála Landsneti um að áhrif á gróður almennt verði talsverð neikvæð. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að sínk frá möstrum hafi neikvæð áhrif á mosa en mosagróður er frekar lítill hluti af gróðurþekju á línuleiðinni og því verða áhrifin ekki veruleg. Stofnunin telur að unnt sé að draga úr þessum neikvæðu áhrifum með þeim aðgerðum sem koma fram í köflum 2.3.6 og 6.5.2 í matsskýrslu. Þær felast m.a. í því að halda öllu jarðraski í lágmarki við slóðagerð og uppsetningu mastra og línu og þarf í því sambandi að skilgreina nákvæmlega legu og umfang slóða og plana fyrir möstur í útboðsgögnum. Þá er mikilvægt að uppgræðsla og sáning miði að því að endurheimt verði sams konar eða svipað gróðurlendi og það sem raskast eftir því sem framast er unnt eins og Landgræðsla ríkisins bendir á. Uppgræðsla og önnur endurheimt gróðurlenda verði í samráði við Umhverfisstofnun, Landgræðslu ríkisins og landeigendur/hagsmunaaðila um uppgræðslu á ræktuðu landi. Í þessu sambandi vill Skipulagsstofnun vekja athygli á ákvæðum 17. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu þar sem fram kemur að sá, sem landsþjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau. Varðandi dreifingu sínks frá möstrum telur Skipulagsstofnun mikilvægt að sinkhúð á möstrum verði vönduð, sbr. umfjöllun um áhrif á vatnsverndarsvæði og neysluvatn í kafla 9.8 í þessu álit.

Fyrir liggur að við fyrirhugaðar framkvæmdir muni raskast um 10 ha af votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Samkvæmt matsskýrslu eru þessi votlendissvæði á Efribýggðarleið og í Kræklingahlíð. Skipulagsstofnun vekur athygli á að í athugasemdum hefur verið bent á að votlendissvæði er njóti verndar sé einnig að finna í Öxnadal. Stofnunin telur því mikilvægt að í tengslum við fyrirhugaða endurheimt votlendis verði kortlögð nákvæmlega stærð þeirra votlendissvæða sem koma til með að raskast vegna slóðagerðar og mastrastæða þegar lega og staðsetning þeirra liggur nákvæmlega fyrir. Skipulagsstofnun telur ljóst að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni verða verulega neikvæð á votlendissvæði í ljósi umfangs röskunar og verndarstöðu þessara svæða. Til þess að freista þess að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi tekur Skipulagsstofnun undir nauðsyn þess að Landsnet endurheimti jafn stórt votlendi og tapist við fyrirhugaðar framkvæmdir. Það verði gert í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarstjórnir og telur stofnunin að við útgáfu framkvæmdaleyfis að slík endurheimt fari fram og að ljóst sé á hvaða svæðum hún eigi að fara fram. Skipulagsstofnun vill benda á að þó að Landsnet fyrirhugi endurheimt votlendis

þá kemur nýtt og óþroskað vistkerfi aldrei að öllu leyti í stað þess sem hefur fengið að þróast í langan tíma.

Samkvæmt framlögðum gögnum er um 45% af flatarmáli línuleiðar skv. Efribyggðarleið þakið votlendi en um 25% Héraðsvatnaleiðar og fleiri möstur verða staðsett á votlendissvæðum á fyrrnefndu leiðinni. Rask á votlendi verður því meira ef línan verður lögð skv. Efribyggðarleið og áhrifin því heldur neikvæðari en heildarrask gróðurs verður svipað á báðum þessum leiðum.

Varðandi áhrif efnistöku á gróður vísar Skipulagsstofnun til umfjöllunar um efnistökusvæði í kafla 2.2 í þessu álit.

## 9.8 ÁHRIF Á NEYSLUVATN OG VATNSVERNDARSVÆÐI

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhuguð lína muni liggja innan fjarsvæðis vatnsbóla í vestanverðum Skagafirði auk þess að fara yfir grannsvæði vatnsbóla á kafla í Efribyggð. Línun muni liggja inn á suðurjaðar fjarsvæðis vatnsbóla á Öxnadalsheiði, yfir fjarsvæði vatnsbóla í öllum Öxnadal og yfir suðausturjaðar grannsvæðis vatnsbóls austast í dalnum.

Fram kemur að rannsókn á vegum Landsnets hafi gefið til kynna að mögulegt sé að skemmdir á gamburmosa á Suðvesturlandi megi rekja til sínks frá háspennumöstrum sem hafi dreift yfir mosann og safnast í hann. Mælingar hafi hins vegar sýnt að sínk virðist ekki ná niður í jarðveg undir mosanum og athuganir í tengslum við línulagningu á Suðvesturlandi hafi jafnframt sýnt að jarðvegur hafi góða bindigetu fyrir málma og hafi því verið dregin sú ályktun að mjög ólíklegt sé að sínk leiti niður í grunnvatn. Magn sínks og annarra málma í neysluvatni hafi skv. mælingum á ofangreindu svæði reynst vera langt innan viðmiðunarmarka og áhrifa ekki gætt í neysluvatni.

Fram kemur að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði reynt að fyrirbyggja að olía og önnur efni úr ökutækjum og þungavinnuvélum berist í jarðveg svo og þegar olía er dælt á birgðatanka eða vinnuvélar. Ef mengunarslys verði og olía berist í jarðveg, verði jarðveginum mokað upp eins fljótt og mögulegt sé til að hindra dreifingu olíu niður í grunnvatn.

Fram kemur að lagning línú skv. Efribyggðarleið hafi í för með sér meiri hættu á mengun á framkvæmdatíma þar sem hún muni liggja um grannsvæði vatnsbóls, en ef unnið verði eftir reglum um umgengni á vatnsverndarsvæðum sé ekki ástæða til að ætla að neikvæð áhrif verði á framkvæmdatíma.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra kemur fram að upplýsingar sem fram komi í frummatsskýrslu um vatnsból, brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði séu ófullnægjandi. Bent er á að engin vatnsból séu merkt inn á kort, en af kortum megi ráða að nokkur fjöldi vatnsbóla sé skammt neðan við fyrirhugaðar línuleiðir. Þá er bent á að erfitt sé að átta sig á hvar vegslóðir verði lagðar og þar af leiðandi hvort að þær geti valdið raski við vatnsból.

Í svörum Landsnets kemur fram að upplýsingar um vatnsvernd sem fram komi í frummatsskýrslu séu þær upplýsingar sem liggja fyrir af hálfu opinberra aðila, m.a. í aðalskipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga. Þá er bent á að í matsskýrslu sé sett fram tillaga að slóðum meðfram allri Blöndulínu 3, en ekki sé um að ræða endanlega legu slóða, þó ætti að vera hægt að átta sig á staðsetningu þeirra m.t.t. vatnsverndar. Landsnet bendir jafnframt á að fyrirhugaðar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæða séu háðar skilyrðum viðkomandi heilbrigðiseftirlits um umgengni, ástand tækjabúnaðar o.fl. sem viðkomandi verktakar verði að gangast undir.



Nokkrir aðilar gerðu athugasemdir við framkvæmdir á votlendissvæðum á Efrabyggðarleið þar sem séu neysluvatnsbrunnar.

Í svörum er bent á að línar liggi um fjarsvæði vatnsverndar neðan brunnsvæða og áhrif verði því engin á vatnstöku.

Jón Gissurarson bendir á í athugasemd sinni að fyrirhugað línustæði um Vatnsskarð liggi mjög nálægt ef ekki yfir sameiginlegt vatnsból bæjanna Stóra-Vatnsskarðs og Valagerðis og einnig mjög nálægt vatnsbóli Valadals. Spurt er hvort Landsnet muni ábyrgjast að þau mengist ekki.

Í svari Landsnets er bent á að allar framkvæmdir um vatnsverndar- og vatnstökusvæði séu háðar skilyrðum viðkomandi heilbrigðiseftirlits um umgengni, ástand tækjabúnaðar o.fl. sem verktakar verði að fylgja til að koma í veg fyrir mengun vatnsbóla.

Pétur Karlsson gerir athugasemd við að allar upplýsingar vanti um vatnslitla læki sem línar fari yfir og hvort sett verði ræsi í þá og tryggt óbreytt rennsli.

Landsnet svarar því til að ef slóðir þveri læki sé gert ráð fyrir að notuð verði ræsi eða þeir látnir renni yfir slóð og þar verði vað. Þá verði reynt við endanlega staursetningu að staðsetja möstur þannig að þau lendi ekki í lækjarvegum.

**Skipulagsstofnun** telur að þrátt fyrir boðaðar öryggisráðstafanir og mótvægisáðgerðir Landsnets, sem getið er um í kafla 6.9.2 í matsskýrslu, sé mengunarhætta fyrir hendi þegar framkvæmd er á vatnsverndarsvæði. Eðli málsins samkvæmt yrðu afleiðingar mengunarslyss neikvæðastar þar sem farið væri ofan vatnsbóla á grannsvæðum eða brunnsvæðum í Efrabyggð og austast í Öxnadal/Hörgárdal. Framkvæmdin er fyrirhuguð að stærstum hluta innan svæða sem eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði og því brýnt að aðgát sé höfð við þær. Stofnunin leggur áherslu á ítarlegt samráð Landsnets við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og landeigendur með eigin vatnsból og neysluvatnsbrunna og bendir á að Landsnet sem framkvæmdaraðili ber ábyrgð á fyrirhuguðum framkvæmdum og að þeim öryggis- og mótvægisáðgerðum, sem fyrirtækið boðar í matsskýrslu, verði fylgt í hvítvetna sem og eftirliti. Í því sambandi vill Skipulagsstofnun nefna mikilvægi þess að tekið verði mið af reglugerðarákvæðum um bann við geymslu hættulegra efna innan viðkomandi vatnsverndarsvæða og að virkt eftirlit verði haft með ástandi vinnutækja. Þó að athuganir bendi til þess að litlar líkur séu á því að sínk úr galvanhúð mengi grunnvatn þá telur Skipulagsstofnun eðlilegt að Landsnet tryggi að efnasamsetning galvanhúðar mastra verði prófuð og að fyrir liggi staðfest vottun eins og fyrirtækið hyggst gera í tilfelli Suðvesturlína. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að í starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits verði sett ákvæði um ofangreind atriði eða eftir atvikum önnur sem miða að því að koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæði og neysluvatn.

Varðandi áhrif efnistöku á lífríki fallvatna og vatnsverndarsvæði vísar Skipulagsstofnun til umfjöllunar um efnistökusvæði í kafla 2.2 í þessu álit.

## 10 AÐRAR ATHUGASEMDIR

Auk þeirra efnisatriða í umsögnum og athugasemdum sem rakin hafa verið í köflum 2-9 hér að framan er í þessum kafla taldar upp nokkrar efnislegar athugasemdir við aðra þætti sem greint er frá hér. Að öðru leyti er vísað til kafla 10 í matsskýrslu.

Sveitarfélagið Skagafjörður segir í umsögn sinni að í skýrslunni séu tvær leiðir metnar þó svo á fyrri stigum hafi sveitarstjórn bent á aðra möguleika í leiðarvali og framkvæmdakosti, s.s. að leggja línuna í jörð, að minnsta kosti að hluta til, aðrar stauragerðir, frekari rökstuðning fyrir

áætluðu spennustigi og fleiri þætti sem krefðust meiri umfjöllunar. Því miður séu þeir þættir ekki metnir í frummatsskýrslu með fullnægjandi hætti. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að setja skilyrði fyrir lagningu Blöndulínu 3 hvað varðar leiðarval og framkvæmdakosti þar með talið að raflína verði að hluta til lögð í jörð.

Í svörum Landsnets kemur fram að í matsskýrslu sé ítarlega farið í rökstuðning fyrir að ekki sé raunhæft að fyrirhuguð lína sé lögð í jörðu (sjá kafla 3.3), aðra leiðakosti (sjá kafla 3.1), áætlað spennustig (sjá kafla 2.1.1) og aðrar stauragerðir (sjá kafla 3.2). Framkvæmdaraðili metur það sem svo að fjallað sé um framangreinda þætti með fullnægjandi hætti, en bendir á að ítarlegri rökstuðningur fyrir áætlaðri flutningsgetu sé að finna í kafla 2.1.1. Vakin er athygli á því að matsskýrslan sé að hluta til í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Samkvæmt því sé gert ráð fyrir 220 kV háspennulínu frá Blöndustöð og inn í land Kirkjuhóls, þaðan sem tvær leiðir koma til greina, þ.e. Efribyggðarleið og Héraðsvatnaleið. Í greinargerð með skipulaginu segir að ekki verði tekin afstaða til leiðanna þar til nánari útfærsla og hönnun liggja fyrir. Báðar leiðirnar séu sýndar á uppdrætti en skipulagi frestað. Þá muni Landsnet hafa samráð við sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar við umsókn um framkvæmdaleyfi að loknu mati á umhverfisáhrifum þar sem kröfur sveitarfélagsins verði ræddar.

Margir aðilar gera athugasemd við það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að ekki sé talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum. Í skýrsluna vanti sérhæfða umfjöllun sérstaklega um hönnunarforsendur, valkosti leiða fyrir jarðstrengi, þarfagreiningu og kostnaðar- og ábatamat. Meðal annars hafni landeigendur Efribyggðarleiðar alfarið lagningu línunnar sem loftlínu. Það liggja því fyrir að um þessi lönd verði ekki farið nema að undangengnu eignarnámi og til þess þurfi skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt, en svo sé ekki.

Landsnet bendir á vegna niðurlags athugasemdarinnar að þegar háspennulína sé lögð þurfi oftast að leggja hana um langan veg, oft tugi eða jafnvel hundruð kílómetra og varði þannig oftast réttindi marga landeigenda og um leið ólíka hagsmuni. Lög um mat á umhverfisáhrifum séu nauðsynlegur undanfari margra annarra þátta við undirbúning framkvæmdarinnar en löggin geri ekki ráð fyrir því að mótmæli við framkvæmd á matsstiginu stöðvi lögbundinn undirbúning hennar. Varðandi önnur atriði í athugasemdum er vísað til umfjöllunar í matsskýrslu í kafla 3.3 um jarðstrengi.

Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir benda á að engar upplýsingar sé að finna í frummatsskýrslunni um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi, svo sem Skipulagsstofnun hafi boðið sérstaklega í ákvörðun sinni um tillögu að matsáætlun frá 30. desember 2008. Frummatsskýrsla sé því ekki í samræmi við matsáætlun að þessu leyti auk þess sem skýrt er kveðið á um þessa skyldu í 4. tl 2. mgr. 18. gr.

Í svari Landsnets kemur fram að í matsáætlun sé greint frá þeirri kynningu sem Landsnet stóð að á matsáætlunarstigi og afstöðu þeirra aðila sem sendu inn athugasemdir. Ekki hafi verið um frekari kynningar eða viðbrögð hagsmunaaðila að ræða við gerð frummatsskýrslu og hafi því ekki verið talin þörf á að birta þar aftur upplýsingar úr því kynningar- og samráðsferli sem fram fór á matsáætlunarstigi. Þegar frummatsskýrslan hafi verið tilbúin hafi landeigendum verið að nýju sent bréf til upplýsingar um stöðu verkefnisins auk þess sem skýrslan hafi verið kynnt með opnu húsi á þremur stöðum. Á kynningartíma frummatsskýrslunnar bárust fjölmargar athugasemdir auk umsagna sem greint er frá í þessum kafla matsskýrslunnar ásamt viðbrögðum framkvæmdaraðila. Fram kemur að framangreint verklag sé í samræmi við ákveðna hefð sem skapast hafi við mat á umhverfisáhrifum, þ.e. að greina frá samráði annars vegar í tillögu að matsáætlun og svo aftur í matsskýrslu þar sem samráðsferlið eigi sér fyrst og

fremst stað eftir að frummatsskýrsla sé komin í kynningu. Þetta sé í fullu samræmi við 18. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum þar sem segi að greina skuli frá kynningu, álitsumleitan og samráði í frummatsskýrslu eftir því sem við á.

## 11 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna lagningar Blöndulínu 3 bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2012-2022, Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 og Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að hluta til í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Aðalskipulag sveitarfélagsins gerir ráð fyrir 220 kV línu frá Blönduvirkjun til Akureyrar sem liggja frá Blönduvirkjun að Kolgröf. Skipulagi er frestað á 2 línulaga svæðum, svonefndum Efribýggðar- og Héraðsvatnaleiðum, frá Kolgröf að Herpistanga í mynni Norðurárdals. Aðalskipulag Skagafjarðar markar því ekki stefnu um Blöndulínu 3 á þessum svæðum.
- Fyrirhuguð Blöndulína 3 er að hluta til í samræmi við Aðalskipulag Akrahrepps 2010-2022. Skipulagi er frestað á 2 línulaga svæðum, svonefndum Efribýggðar- og Héraðsvatnaleiðum, annars vegar þar sem Efribýggðarleið kemur inn á skipulagssvæðið við Flatatungu og hins vegar þar sem Héraðsvatnaleið sneiðir hreppamörk Akrahrepps að vestan. Aðalskipulag Akrahrepps markar því ekki stefnu um Blöndulínu 3 á þessum svæðum.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps Hörgársveitar og Akureyrarkaupstaðar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Eins og fjallað er um í kafla 2.2 um efnistöku þá þarf að liggja fyrir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum niðurstöður málsmeðferðar um umhverfisáhrif efnistöku úr þeim námum sem efni verður sótt í vegna framkvæmdarinnar, áður en framkvæmdaleyfi verður veitt til byggingar Blöndulínu 3.
- Tengivirki eru háð byggingarleyfi viðkomandi sveitarfélaga samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010.
- Lagning vegslóða vegna línubyggingar er framkvæmdaleyfis skyld samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 og kunna vegslóðarnir að vera skipulagsskyldir. Það er á valdi viðkomandi sveitarfélags hvort vegslóðarnir eru settar inn á skipulag eða ekki.
- Framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar til byggingar háspennulína sem flytja 66 kV spennu eða hærrí, samkvæmt lögum um raforku (nr. 65/2003).
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og vestra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun vegna nokkurra þátta framkvæmdarinnar svo sem tengivirkja, vinnubúða, efnistökusvæða o.fl. Ekki er unnt að veita starfsleyfi vegna efnistöku fyrir en niðurstöður málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir um umhverfisáhrif efnistöku úr þeim námum sem efni verður sótt í vegna framkvæmdarinnar.
- Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan vatnsverndarsvæða eru þær háðar skilyrðum sem sett eru af heilbrigðiseftirlitum um umgengni innan vatnsverndarsvæða, ástand tækjabúnaðar o.fl.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands þarf ef nauðsynlegt er að raska fornleifum skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

## 12 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Landsnets sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Landsnets byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu fyrirtækisins til þeirra.

Vegna fjölda og umfangs athugasemda valdi Landsnet þá leið að birta í heilu lagi allar athugasemdir auk umsagna í sérhefti, sem var fylgiskjal matsskýrslu. Helstu efnisatriðum úr viðkomandi athugasemdum sem og úr umsögnum er síðan svarað í sérstökum kafla í matsskýrslu, kafla 10. Skipulagsstofnun telur að ágætlega hafi tekist til með þessa ráðstöfun. Að mati stofnunarinnar hefur Landsnet lagt sig fram við að svara efnislega þeim atriðum sem fram koma bæði í umsögnum og athugasemdum.

Í allmörgum athugasemdum er bent á að ósamræmi sé á milli matsáætlunar og frummatsskýrslu. Í viðkomandi athugasemdum er fyrst og fremst talið að samkvæmt matsáætlun hafi framkvæmdaraðila borið að fjalla í frummatsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 annars vegar sem loftlínu og hins vegar sem jarðstreng og meta til jafns áhrif þess á hina mismunandi umhverfisþætti. Um þetta atriði er fjallað í kafla 6 í þessu álit. Skipulagsstofnun benti Landsneti á, við lestur draga að frummatsskýrslu, að svo virtist sem ósamræmi væri á milli matsáætlunar og draganna hvað þetta atriði varðaði. Landsnet setti fram rökstuðning vegna þessa frávíks í frummatsskýrslu frá samþykkttri matsáætlun í samræmi við 20 gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og nánari skýringar í svörum við athugasemdum og er einnig fjallað um þessi atriði í kafla 6. Þá var bent á í athugasemdum að það væri ósamræmi milli matsáætlunar og frummatsskýrslu hvað varðaði umfjöllun um núverandi línur og afdrif þeirra og upplýsingar um efnismagn úr viðkomandi námum, efnisflutningaleiðir og umferð á framkvæmda- og rekstartíma. Um núverandi línur er fjallað í kafla 4 í þessu álit og skýringar Landsnets á því hvers vegna talið sé að núverandi línur þurfi að vera áfram í rekstri, þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 og álit Skipulagsstofnunar á því atriði. Varðandi efnistöku og efnistökusvæði þá kemur fram í kafla 2.2 hér að framan það álit Skipulagsstofnunar að þrátt fyrir umfjöllun í framlögðum gögnum Landsnets þá liggja ekki fyrir mat á áhrifum efnistöku á hina ýmsu umhverfisþætti vegna óvissu um af hvaða svæðum efni verði tekið og í hvað miklu magni. Í ljósi þessa telur stofnunin að setja verði það sem skilyrði að áður en viðkomandi sveitarfélag veitir framkvæmdaleyfi til byggingar Blöndulínu 3 innan síns sveitarfélags, þurfa að liggja fyrir niðurstöður málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr einstökum námum sem þarf að sækja efni úr til byggingar línunnar innan sveitarfélagsins. Að frátöldu þessu atriði um áhrif efnistöku telur Skipulagsstofnun að matsskýrsla Landsnets hafi uppfyllt skilyrði laga og 18. greinar reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

**Sjónræn áhrif og áhrif á landslag, útivist og ferðapjónustu.** Skipulagsstofnun telur ljóst að eins og í öllum tilfellum þar sem reisa á stórar háspennulínur þá verða ein helstu neikvæðu áhrif af slíkum framkvæmdum sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Jafnframt er ljóst að eðli málsins samkvæmt eru áhrif fyrirhugaðrar línulagningar á útivist og ferðapjónustu nátengd þeim ásýndarbreytingum sem verða á landslaginu vegna sýnileika línanna, þó að ljóst sé að ekki eru allir, sem upplifa neikvæð sjónræn áhrif slíkra mannvirkja, að stunda útivist eða eru á vegum ferðapjónustuaðila. Í athugasemdum kom fram gagnrýni á þá aðferðarfræði sem notuð er í matsskýrslu Landsnets til þess að meta áhrif Blöndulínu 3 á landslag og sjónræn áhrif hennar. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við aðferðarfræðina sem slíka, en telur hins vegar ljóst að það geti verið umdeilanlegt hvernig eigi að afmarka landslagsheildir og hvaða

forsendur eigi að leggja til grundvallar mati á gildi þeirra og síðan hver verði áhrif framkvæmdanna á landslag. Varðandi útivist og ferðapjónustu þá hefur verið unnin umfangsmikil og vönduð rannsókn á áhrifum Blöndulínu 3 á ferðapjónustu og útivist, og niðurstaða hennar bendir til ótvíræðra neikvæðra áhrifa á ferðapjónustu og útivist og að Blöndulína 3 kunni að grafa undan eða rýra möguleika til útivistar eða reksturs ferðapjónustu. Landsnet kemst að þeirri niðurstöðu að áhrif á útivist og ferðapjónustu verði talsvert neikvæð sem er í samræmi við niðurstöðu Skipulagsstofnunar þegar á heildina er litið. Stofnunin telur hins vegar að í matsskýrslu hefði mátt koma skýrar fram hver niðurstaða rannsóknarskýrslu hafi verið um áhrif Blöndulínu 3 á útivist og ferðapjónustu.

Skipulagsstofnun telur að ljóst sé að ásýnd svæðisins, sem línun kemur til með að liggja um, muni breytast töluvert og þar með upplifun hinna mismunandi ferðamanna. Skipulagsstofnun telur að þegar horft er til sýnileika línunnar þá muni verða um að ræða talsvert til verulega neikvæð áhrif í þéttbýlum sveitum Skagafjarðar og Hörgársveitar, eftir nálægð við bæi, en þegar lagt er mat á þau áhrif sem Blöndulína 3 kann að hafa í heild sinni ásamt núverandi línunum m.t.t. sjónrænna þátta og landslags verði áhrif hennar óhjákvæmilega talsvert neikvæð. Þessa niðurstöðu byggir Skipulagsstofnun á stærð og eðli áhrifasvæðis sem framkvæmdirnar taka til, bæði þess svæðis sem verður fyrir beinu raski sem og svæðis þaðan sem línun kemur til með að sjást frá og ennfremur á umfangi framkvæmdanna; loftlínu á ríflega 100 km leið, allt að 340 rúmlega 23 m há möstur með rúmlega 300 m millibili, sem hverju um sig fylgir 120 m<sup>2</sup> plan, auk alls um 150 km af slóðum. Skipulagsstofnun leggur áherslu á samráð við viðkomandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum og telur stofnunin eðlilegt í því sambandi að skoðaður verði sá kostur að setja núverandi háspennulínu í jörð á tilteknum köflum leiðarinnar. Skipulagsstofnun gerir ekki upp á milli þess hvort að Blöndulína 3 verður lögð skv. Efrbyggðarleið eða Héraðsvatnaleið m.t.t. umfangs sjónrænna áhrifa hennar eða áhrifa á útivist of ferðapjónustu.

**Áhrif á landnotkun.** Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhuguð lagning Blöndulínu 3 muni óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á landnotkun þar sem hún mun liggja um landbúnaðarhéruð og raska beint ræktuðu landi, beitalandi og hugsanlega landi þar sem skógrækt er stunduð. Auk þessa er einnig um takmörkun á landnýtingu að ræða vegna byggingarbannssvæðis sem er á milli 40 og 75 m breitt í tilfelli Blöndulínu 3. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaða heildarröskun lands á þeim 60 jörðum sem línun mun liggja um. Skipulagsstofnun telur að miðað við áætlaða staðsetningu slóða og mastra og umfang rasks auk takmarkana á landnotkun sé ljóst að um verði að ræða talsvert neikvæð áhrif af lagningu Blöndulínu 3 á landnotkun þegar á heildina er litið, en ljóst er að áhrifin verða mismikil eftir jörðum. Skipulagsstofnun lítur svo á að röskun eða skaði á túnum, beitilandi eða öðru nytjalandi til landbúnaðar fylgi fyrst og fremst afkomutengdur eða fjárhagslegur skaði, en bendir á að umfjöllun um fábætur vegna slíks tjóns falli ekki undir málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leggur að öðru leyti áherslu á að endanleg staðsetning mastra og slóða verði í samráði við landeigendur og/eða ábúendur og að tekið verði tillit til óska þeirra með það að markmiði að draga eins og kostur er úr raski á nytjalandi. Skipulagsstofnun telur ekki forsendur til þess að gera upp á milli þess hvort að leggja beri Blöndulínu 3 skv. Efrbyggðarleið eða Héraðsvatnaleið m.t.t. neikvæðra áhrifa hennar á landnotkun.

**Áhrif raf- og segulsviðs og hávaða.** Skipulagsstofnun telur ljóst að það eigi að vera hafið yfir allan vafa að áhrif segulsviðs frá Blöndulínu 3 muni á nokkurn hátt hafa neikvæð áhrif á heilsufar íbúa í grennd við línuna. Í ljósi styrks segulsviðs út frá línunni miðað við ströngustu mörk og með hliðsjón af fjarlægð íbúðarhúsa frá línunni telur Skipulagsstofnun að ekki eigi að vera hættá á því að segulsvið hafi neikvæð áhrif á fólk, þar sem það dvelur að staðaldri.

Hins vegar er óvissa um hver áhrifin geta orðið á búpening; sú hætta getur verið fyrir hendi að búpeningur, sem er að staðaldri í mun meiri nálægð við raflínurnar, verði fyrir einhverjum neikvæðum áhrifum. Skipulagsstofnun telur að áhrif rafsviðs og hávaða frá línunum verði óveruleg og innan marka.

**Áhrif á menningarminjar.** Skipulagsstofnun telur að ákveðin óvissa sé til staðar um áhrif Blöndulínu 3 á fornleifar. Samkvæmt því sem fram kemur í matsskýrslu eru engar fornleifar í stórhættu, þ.e. innan við 25 m frá möstrum, en ljóst er að endanleg staðsetning vegslóða liggur ekki fyrir og þar með hugsanleg áhrif þeirra á fornleifar auk þess sem ekki fékkst leyfi til að rannsaka fornleifar á nokkrum jörðum. Þá er óvissa hvort að rannsakað hafi verið allt áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. fornleifa. Skipulagsstofnun telur að það þurfi að vera skýrt að áður en kemur að útgáfu framkvæmdaleyfa hafi Landsnet látið fara fram fornleifarannsókn á endanlegu áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda í samráði við Minjastofnun Íslands (áður Fornleifavernd ríkisins). Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar eigi að setja það skilyrði að Landsnet þurfi að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um mótvægisáðgerðir m.a. hvaða fornleifar þurfi að merkja og með hvaða hætti það verði gert og að skráðar verði fornleifar á þeim jörðum þar sem ekki hafi fengist leyfi landeigenda til skráningar.

**Áhrif á fugla.** Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif sem búast má við á fugla sé vegna áflugs þeirra á línur, einkum stórra vatnafugla, á sléttlendum og grösugum svæðum í Skagafirði. Auk þess er áflugshætta fyrir hendi þar sem Blöndulína 3 mun liggja þvert á flugleiðir/farleiðir fugla yfir stórar ár, s.s. Svartá, Blöndu og Héraðsvötn. Skipulagsstofnun hefur í úrskurðum og álitum um sambærileg verkefni bent á nauðsyn þess að upplýsingum sé safnað á skipulagðan hátt um áflug fugla á háspennulínur sem nýta má til að spá fyrir um áflugshættu þegar nýjar línur eru fyrirhugaðar, en enn sem komið hefur lítið verið aðhafst í þeim málum. Samkvæmt matsskýrslu fyrirhugar Landsnet vöktun á áflugi fugla en Skipulagsstofnun telur að gera þurfi ráð fyrir því að við framkvæmdaleyfisveitingar verði sett það skilyrði að vöktunaráætlun liggja fyrir að hálfu Landsnets á áflugi fugla á raflínur þar sem skýrt komi fram hvaða svæði eru skilgreind sem vöktunarsvæði og að jafnframt komi fram til hvaða sérfræðiaðila Landsnet hafi leitað til að skilgreina þessi svæði. Þá telur Skipulagsstofnun að fram þurfi að koma í áætluninni að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun og í kjölfarið tekin ákvörðun um hvort að ástæða sé til að merkja með áberandi hætti raflínur til að draga úr dauða fugla vegna áflugs. Skipulagsstofnun telur líklegt, að þegar horft er til áhrifa á framkvæmdatíma og áflugshættu eftir að línurnar hafa verið reistar muni lagning Blöndulínu 3 skv. Héraðsvatnaleið koma til með að hafa neikvæðari áhrif á fugla heldur en lagning línunnar skv. Efríbyggðarleið.

**Áhrif á gróður.** Um er að ræða framkvæmdir sem ná yfir umfangsmikið svæði sem er rúmir 100 km á lengd. Fyrir liggur að margs konar gróðri verður raskað á að lágmarki um 50 ha svæði vegna slóðagerðar og mastrastæða og er Skipulagsstofnun sammála Landsneti að áhrif á gróður almennt verði talsverð neikvæð. Mikilvægt er að draga úr þessum neikvæðu áhrifum með þeim aðgerðum sem koma fram í köflum 2.3.6 og 6.5.2 í matsskýrslu. Þær felast m.a. í að halda öllu jarðraski í lágmarki við uppsetningu mastra, línu og við slóðagerð og þarf í því sambandi að skilgreina nákvæmlega umfang slóða og lengd í útboðsgögnum. Fyrir liggur að við fyrirhugaðar framkvæmdir mun raskast um 10 ha af votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Stofnunin telur mikilvægt að í tengslum við fyrirhugaða endurheimt votlendis verði kortlögð stærð þeirra votlendissvæða sem koma til með að raskast vegna slóðagerðar og mastrastæða þegar lega og staðsetning þeirra liggur nákvæmlega fyrir. Skipulagsstofnun telur ljóst að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni verða verulega neikvæð á votlendissvæði í ljósi umfangs röskunar og verndarstöðu þessara svæða. Skipulagsstofnun telur að við útgáfu framkvæmdaleyfis þurfi að setja það sem skilyrði fyrir leyfisveitingu að

Landsnet endurheimti jafn stórt votlendi og tapist við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarstjórnir og að ljóst sé á hvaða svæðum endurheimt eigi að fara fram. Skipulagsstofnun bendir á að m.t.t. áhrifa á gróður, þá verða þau heldur neikvæðari á Efribýggðarleið þar sem rask á votlendi verður meira en heildarrask gróðurs verður svipað á báðum leiðunum.

**Áhrif á neysluvatn og vatnsverndarsvæði.** Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir boðaðar öryggisráðstafanir og mótvægisáðgerðir Landsnets, sem getið er um í kafla 6.9.2 í matsskýrslu, sé mengunarhætta fyrir hendi þegar framkvæmd er á vatnsverndarsvæði. Eðli málsins samkvæmt yrðu afleiðingar mengunarslyss neikvæðastar þar sem línuleiðin liggur ofan vatnsbóla á grannsvæðum eða brunnsvæðum í Efribýggð og austast í Öxnadal/Hörgárdal. Framkvæmdin er fyrirhuguð að stærstum hluta innan svæða sem eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði og því brýnt að aðgát sé höfð við þær. Skipulagsstofnun leggur áherslu á ítarlegt samráð Landsnets við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og landeigendur með eigin vatnsból og neysluvatnsbrunna og bendir á að Landsnet, sem framkvæmdaraðili, ber ábyrgð á fyrirhuguðum framkvæmdum og að þeim öryggis- og mótvægisáðgerðum, sem fyrirtækið boðar í matsskýrslu, verði fylgt í hvívetna sem og eftirliti. Í því sambandi vill Skipulagsstofnun nefna mikilvægi þess að tekið verði mið af reglugerðarákvæðum um bann við geymslu hættulegra efna innan viðkomandi vatnsverndarsvæða og að virkt eftirlit verði haft með ástandi vinnutækja.

Skipulagsstofnun telur að að áður en til leyfisveitinga komi þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

Áður en viðkomandi sveitarfélag veitir framkvæmdaleyfi til byggingar Blöndulínu 3 innan síns sveitarfélags, þurfa að liggja fyrir niðurstöður málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr þeim námum sem þarf að sækja efni úr til byggingar línunnar innan sveitarfélagsins.

Ennfremur telur Skipulagsstofnun að við leyfiseitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

4. Landsnet þarf að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarstjórnir og að ljóst sé á hvaða svæðum endurheimt eigi að fara fram.
5. Landsnet þarf að leggja fram áætlun um vöktun á áflugi fugla á raflínur þar sem skýrt komi fram hvaða svæði eru skilgreind sem vöktunarsvæði og að jafnframt komi fram til hvaða sérfræðiaðila Landsnet hafi leitað til að skilgreina þessi svæði og hverjir framkvæmi vöktunina. Í áætluninni þarf að koma fram að niðurstöður vöktunar verði bornar undir Umhverfisstofnun með mótvægisáðgerðir í huga.
6. Landsnet þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um mótvægisáðgerðir m.a. hvaða fornleifar nauðsynlegt sé að merkja og með hvaða hætti það verði gert og að skrá þurfi fornleifar á þeim jörðum þar sem ekki hefur fengist leyfi landeigenda til skráningar.

Reykjavík, 29. janúar 2013.

